



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Vinnsla malarslitlaga

Unnið fyrir Vegagerðina

Apríl 2010





MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA



Grensásvegur 1
108 Reykjavík
Sími: 422 3000
Fax: 422 3001
@: mannvit@mannvit.is
www.mannvit.is

Mannvit Verkfræðistofa

TITILBLAÐ

Skýrsla nr:	Útgáfunr.:	Útgáfudags.:	Verknúmer:
MV 2010-031	01	27.04.2010	1-010-205
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Vinnsla malarslitlaga			Upplag: 5 Fjöldi síðna: 116
Höfundur/ar: Þorbjörg Hólmeirs dóttir, Ingunn Loftsdóttir og Jón Garðar Steingrímsson			Verkefnisstjóri (undirskr.): <i>Ólafur Þórðarson</i>
			Yfirfarið (undirskr.): <i>Borgþóra S. Ólafsson</i>
Verkkaupi: Vegagerðin		Tengiliður verkkaupa: Gunnar Bjarnason	
Samstarfsaðilar: Vegagerðin og Nýsköpunarmiðstöð Íslands			
Útdráttur: Gerð er grein fyrir niðurstöðum ýmissa rannsókna sem gerðar hafa verið á malarslitlögum, einkum m.t.t. efnisgæða og mati á gæðum, sem og kröfum í nokkrum löndum. Birtar eru niðurstöður spurningalista á helstu framleiðsluaðferðum íslenskra verktaka og reynslu deildarstjóra Vegagerðarinnar. Einnig er greint frá niðurstöðum nokkurra tilrauna sem gerðar voru og að lokum eru niðurstöður kostnaðarrekninga vegna flutnings á leiríku fínefni til íblöndunar í malarslitlagsefni.			
Efnisorð: Efnisvinnsla, malarslitlög			

Dreifing:

- Opin öllum starfsmönnum
(Rafræn í bókasafni) Lokuð
(Engin dreifing nema með leyfi verkkaupa.)

Breytingasaga:

Útgáfunr	Dags.	Breyting	Höf.	Yfirfarið

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	1
2.	Malarslitlög – eiginleikar og efnisvinnsla	2
3.	Bakgrunnur	3
3.1	Fyrri athuganir.....	3
3.1.1	Almennt.....	3
3.1.2	Rykbinding.....	6
3.1.3	Fínefni.....	7
3.2	Íslenskar kröfur	8
3.3	Kröfur nokkurra erlendra verklýsinga og glefsur úr erlendum rannsóknum	11
4.	Vinnsluaðferðir	16
4.1	Um erlenda reynslu af vinnslu efnis í malarslitlög	16
4.2	Íslenskt verklag.....	17
4.2.1	Framleiðendur.....	17
4.2.2	Vegagerðin.....	21
5.	Tilraunir með íblöndun fínefna.....	32
5.1	Tilraun á rannsóknarstofu.....	32
5.2	Tilraun í vegi	34
5.3	Sjónarhorn framleiðandans	40
6.	Kostnaðarreikningar.....	42
7.	Samantekt.....	47
8.	Heimildir	49

Viðaukar:

Viðauki A - Samskipti

Viðauki B - Framleiðendur

Viðauki C - Deildarstjórar Vegagerðar

Viðauki D - Niðurstöður rannsókna

1. Inngangur

Malarvegir eru um 50% af stofn- og tengivegum í veghaldi Vegagerðarinnar. Þeir geta verið mjög erfiðir í viðhaldi þar sem góð malarslitlagsefni eru víða vandfundin. Gæði malarslitlagsefna eru háð efniseiginleikum, þ.e. grunneiginleikum efnisins í námunni og vinnsluaðferðum sem notaðar eru við framleiðslu efnisins, svo sem hörpun, mölun og íblöndun.

Malarslitlög eru sandur og möl sem bundið er saman af finefni og eiginleikar þeirra eru því ráðandi um hegðun slitlagsins. Niðurstöður fyrri rannsókna sýna að kornadreifing hefur afgerandi áhrif á gæði malarslitlagsefna, þar á meðal finefnisinnihald en hérlandis getur verið erfitt að finna góð finefni. Efni sem inniheldur góð finefni með hæfilegum raka en er með lítið brot getur verið afar erfitt í vinnslu og því er tilhneiting til að sneiða hjá erfiðstu efnunum.

Með réttum vinnsluaðferðum má hafa áhrif á þessa þætti. Þær vinnsluaðferðir sem m.a. kemur til álita að bæta er meðhöndlun finefna í vinnsluferlinum, þ.e. úttekt og íblöndun finefna með það að markmiði að gera einstök vinnsluþrep minna háð efniseiginleikum finefna í námunni.

Vegagerðin ákvað að setja af stað verkefni með áherslu á vinnsluaðferðir malarslitлага en á vegum Vegagerðarinnar var unnið verkefni um finefni í malarslitlög sem lauk með skýrslu árið 2004 (Ásbjörn Jóhannesson o.fl.)¹. Í framhaldi af því var ráðist í verkefni um vinnslu malarslitлага með eftirfarandi markmið:

- Taka saman yfirlit yfir vinnsluaðferðir við vinnslu á malarslitlagsefni, bæði hérlandis og erlendis, sem og þann tækjabúnað sem innlendir framleiðendur hafa yfir að ráða.
- Leggja mat á það hvort hagkvæmt sé að bæta þessar vinnsluaðferðir til að framleiða betri malarslitlög bæði fyrir veghaldara og vegfarendur. Einnig að athuga hvort Vegagerðin eigi í einhverjum tilvikum að gera kröfu um bættan tækjabúnað þegar vinnsla malarslitлага er boðin út.

Hugmyndin var svo sú að nota upplýsingarnar úr verkefninu til að leggja grunn að leiðbeiningum um vinnslu á malarslitlagsefni.

Verkefnið var unnið af starfsmönnum Vegagerðarinnar, VGK-Hönnunar hf. (nú Mannvit hf.) og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, (nú Nýsköpunarmiðstöð Íslands, NMÍ). Verkefnastjóri var Gunnar Bjarnason og með honum í verkefnastjórn voru Ingvi Árnason (Vegagerðin), Börge Johannes Wigum (Mannvit hf.), Þorbjörg Hólmgairsdóttir (Mannvit hf.) og Pétur Pétursson (NMÍ). Einnig unnu Ingunn Loftsdóttir og Jón Garðar Steingrímsson, bæði frá Mannviti, að afmörkuðum hlutum skýrslunnar, Ingunn skrifaði megnið af kafla 2 og kom að úrvinnslu vegna kafla 3 og Jón Garðar skrifaði kafla 5.

2. Malarslitlög – eiginleikar og efnisvinnsla

Malarvegir hafa lengi tíðkast. Þeir eru tiltölulega ódýrir og einfaldir í útlögn og oft á tíðum dugir tiltölulega einfaldur tækjabúnaður. Á móti kemur að þeir eru viðhaldsfrekir, sér í lagi á fjölförnum vegum og þar sem ekki er vandað við efnisval.

Hugmyndafræðin að baki malarslitlögum er að styrkurinn og slitþolið sé í grófara efninu, þ.e. í sandinum og mölinni, sem síðan er bundið saman af fínefninu. Því er grunnurinn að góðu malarslitlagi sterkt malarefni en fínefnið þarf að hafa eiginleika til að binda malarefnið saman. Rétt viðhald hvað varðar heflun og rykbindingu er ekki síður mikilvægt til að tryggja endingu. Í vefriti Vegagerðarinnar um efnisrannsóknir og efniskröfur, kafla um slitlög (www.vegagerdin.is)², kemur fram að algengast sé hér lendis að malarslitlagsefni sé unnið úr setmyndunum, ýmist með mölun eða hörpun. Skriður, aurkeilur og framhlaup hafa reynst vel. Sjaldgæft er hér lendis að malarslitlag sé unnið úr bergi þótt reynsla erlendis sé góð en hátt brothlutfall í möluðu bergi þýðir að slíkt efni er oft stöðugt.

Þeir eiginleikar sem mestu máli skipta í efni sem notað er í malarslitlög eru kornadreifing, kornalögun, fínefnahlutfall og hlutfall leirs. Hafa má áhrif á kornadreifingu með mölun, hörpun og íblöndun. Til dæmis kemur fram á vef Vegagerðarinnar að algengt sé að sandur eða fínefni sé tekið úr á vinnslustigi, sem og að algengt sé að fínefni og jafnvel sandi sé blandað í malarslitlagsefni á vinnslustigi. Mikilvægt er að malarslitlagsefni sé brotið en ekki eingöngu harpað til að bæta bæði brothlutfall og kornalögun en slíkt eykur stöðugleika þess í vegi.

Í vefriti Vegagerðarinnar eru einnig tilgreind áhrif veðurfars, einkum úrkomu, á endingu malarslitlaga. Kröfur til þjálni malarslitlagsefna taka sem dæmi mið af því hvort meðalársúrkoma er undir eða yfir 1000 mm. Fyrrnefndu skilyrðin, meðalársúrkoma undir 1000 mm, eru víða á norðan- og austanverðu landinu en yfir 1000 mm á vestan-, sunnan- og suðaustanverðu landinu. Þar þarf því víða að taka tillit til þessa og halda fínefnainnihaldi (efni < 0,063 mm) við lægri mörkin.

Til viðbótar ofangreindu er síðan afvötnun yfirborðs sem getur ráðið úrslitum um endingu malarslitlaga. Ef aðstæður til afvötnunar eru ekki fullnægjandi, t.d. veghalli líttill, er hætta á að holur myndist og getur það gerst mjög fljótt eftir úrkomu sé malarslitlagið að auki lélegt. Holur eru hins vegar sjaldgæfar þ.s. veghalli er nægjanlegur, en æskilegt er að hann sé á bilinu 4-6%, háð planboga.

Malarslitlög þola ekki mikið umferðarálag, í umræddu vefriti Vegagerðarinnar er talað um hámark 300-500 bíla umferð á sólarhring nema með dýru viðhaldi. Aðrir þættir hafa einnig áhrif á endingu malarslitlaga, t.d. getur mikil veðurhæð valdið foki úr vegum og frostþíðu sveiflur geta valdið niðurbroti (Vefrit Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is)².

3. Bakgrunnur

3.1 Fyrri athuganir

3.1.1 Almennt

Malarvegir geta verið erfiðir í viðhaldi þar sem heppilegt slitlagsefni er ekki alltaf tiltækt í nágrenni veganna. Fínefnið sem á að binda mölina í vegunum rýkur úr þeim með þeim afleiðingum að slitlagið trosnar sundur, verður holótt eða breytist í versta falli í þvottabretti (Ásbjörn Jóhannesson o.fl. 2004)¹. Þrjár megin ástæður hafa verið nefndar fyrir myndun þvottabretta:

- Í fyrsta lagi aðskilnaður og tilfærsla korna í vegyfirborðinu, sem er líklegasta skýringin þegar yfirborðið er þurrt.
- Í öðru lagi geta þvottabretti myndast þegar fínefni í yfirborðinu slettast upp í rigningu.
- Í þriðja lagi varanleg sampjöppun malarslitlags sem myndar bylgjur í yfirborðið.

Tilfærsla og aðskilnaður korna í vegyfirborðinu er líklega sú ástæða sem oftast veldur þvottabrettum í malarslitögum hérlendis og skal því reynt að skýra hana nánar hér. Þegar bíll ekur eftir þurrum malarvegi, kasta hjól hans hluta af óbundna efninu í yfirborðinu upp, þau fylgja í kjölsog bílsins og hluti af kornunum festast á hjólunum sjálfum. Við þetta verður aðskilnaður í efninu, þannig að fínustu kornin mynda ryk á eftir bílum og fjúka gjarnan burt. Meðalstóru kornin eru of stór til að rjúka burt og of lítil til að rúlla eftir yfirborðinu. Þau safnast því saman, þjappast í hryggi og mynda þvottabretti. Gráfustu kornin eru nógum stór til að rúlla eftir yfirborðinu og safnast því ekki í hryggina. Þetta gerist einna helst eins og áður segir í þurru veðri og þegar efsta lagið í veginum er laust, en neðri lög eru þjöppuð og hörð.

Til að koma í veg fyrir myndun þvottabretta þarf að hindra að ástand eins og lýst er hér að ofan skapist. Þá skiptir einna mestu máli að efnið sem notað er í malarslitlag sé með sem jafnasta kornadreifingu, til dæmis ekki of sandríkt. Vönduð heflun er nauðsynleg og rykbinding með salti minnkar líkur á þvottabrettismyndun.

Góð malarslitlagsefni eru víða vandfundin á landinu og er t.d. algengt að þjál og vatnsheld fínefni skorti í þeim jarðmyndunum sem unnar eru í malarslitlag. Þar sem góð fínefni er að finna hefur oft reynst erfitt að vinna þau með þeim aðferðum sem „hefð er fyrir“ og er tilhneiting ríkjandi hjá aðilum að sneiða hjá erfiðstu efnunum. Efni sem inniheldur góð fínefni með hæfilegum raka, en er með lítið brot getur verið afar erfitt í vinnslu.

Talsverðar athuganir hafa verið gerðar á malarslitögum. Jón Skúlason (1975)³ gerði kerfisbundnar rannsóknir á nokkrum eiginleikum íslenskra malarslitlagsefna. Hann rannsakaði sýni úr um 20 slitögum, víðs vegar af landinu, sem ýmist voru flokkuð sem góð eða slæm. Markmiðið var að kanna hvort einfaldar prófanir, sem hægt væri að framkvæma í umdæmunum, gætu sagt fyrir um notagildi efna í malarslitlag og gera tillögur að leiðbeiningum um val á efni í malarslitlöög. Rannsóknir Jóns gáfu eftirfarandi til kynna:

- Mælingar á rannsóknastofu á rakastigi efnisins sem fall af tíma, eða í veginum þegar sýnið var tekið, gáfu ekki nothæfa niðurstöðu til að velja slitlagsefni.

- Kleyfni- og hrökknipróf hentar ekki til að flokka slitlögin, sem skoðuð voru, í góð og slæm.
- Með því að ákveða kornastærðir með flotvog (hydrometer) og/eða sigtun opnuðust möguleikar á að velja á milli góðs og slæms slitlags á grundvelli sambands:
 - milli fínefnis < 0,02 mm og hlutfallsins möl/sandur.
 - milli fínefnis < 0,074 mm og hlutfallsins möl/sandur.
 - milli fínefnis < 0,074 mm og Cu (D60/D10). Þegar þessir eiginleikar voru teiknaðir upp á línurit mátti afmarka reiti á þeim sem gáfu til kynna mat á efninu í malarslitlög.

Með hliðsjón af þessum niðurstöðum ályktaði Jón að ákvörðun á kornastærðum væri heppilegasta aðferðin til að meta gæði malarslitlaga með einföldum prófunum, en tók fram að athuganirnar hefðu eingöngu gildi fyrir ákveðna umferð (200-300 bíla á dag) og aðstæður. Jafnframt lagði hann til að fleiri slitlagskaflar yrðu athugaðir á sama hátt en það var aldrei gert. Þess má geta að um tíma byggðust kröfur í verklýsingu Vegagerðarinnar (1985)⁴ til efniseiginleika malarslitlags að nokkru leyti á þessum rannsóknum. Í nágildandi útgáfu verklýsinganna (Vegagerðin 1995)⁵ hafa kröfur sem byggðust á ofangreindum rannsóknum verið felldar út þar sem þær þóttu ekki samrýmast reynslu.

Í framhaldi af þessum rannsóknum var ákveðið að athuga breytingar á endingu og gæðum fjögurra malarslitlagsefna eftir að þau voru komin í veginn (Almenna verkfræðistofan 1979)⁶. Sú rannsókn var einnig í umsjá Jóns Skúlasonar. Markmið hennar var meðal annars að athuga hvernig mismunandi malarslitlög breytast í vegum á einu sumri. Annars vegar var athugað hvernig sáldursferill sýna úr veginum breyttist með tíma (athugað nokkrum sinnum yfir eitt summar), hins vegar var styrkleiki malarefnanna athugaður á rannsóknastofu með brotstuðli (Bg) eftir áraun frá álagsstýrðum lofthamri.

Prófanirnar gáfu eftirfarandi til kynna:

- Ofaníburður breyttist mikið á tilraunaköflunum og breytingarnar virtust stjórnast af niðurbroti efnisins frá umferðinni og foki.
- Engin von virtist vera til að geta líkt eftir jafn flóknu fyrirbrigði og breytingum á ofaníburði í veki með lofthamrinum.
- Við prófanirnar kom fram veruleg dreifing á niðurstöðum.
- Athuganir á niðurbroti efnanna gáfu tilefni til að ætla að brotstuðullinn (Bg) væri nothæfur til að meta hvort efni brotni mikið eða lítið niður.
- Athuganir ásamt reynslu Vegagerðarinnar af malarslitlögum, gáfu tilefni til að ætla að efni sem brotna mikið niður endist einnig illa.


Á grundvelli prófananna var sett fram eftirfarandi tillaga um samband endingar ofaníburðar og brotstuðuls (Bg):

- Endist vel Bg < 3
- Endist sæmilega 3 < Bg < 8
- Endist illa Bg > 8

Tekið var fram að mörkin væru óörugg þar sem eingöngu væri tekið mið af fáum prófunum, og jafnframt að þær væru miðaðar við ofaníburð á vel undirbyggðum veki með 200-400 bíla á dag að

sumarlagi. Þessar tillögur að notagildi efna í malarslitlög rötuðu hinsvegar aldrei inn í verklýsingar Vegagerðarinnar.

Á árunum 1977-1982 var unnið að rannsóknum á malarslitlögum á Norðurlöndum að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar undir heitinu *Förbättring och underhåll af grusvägar* (FUG/ÁJ 1982)⁷. Þar var reyndar ekki gert ráð fyrir athugun á efniseiginleikum malarslitlaga og áhrifum þeirra á endingu, en í minnisblaði frá íslenska hluta rannsóknanna var sagt stuttlega frá reynslu af malarslitlögum sem gerð voru úr framhlaupi í fjöllum þar sem leirlög eru áberandi. Slík framhlaup finnast víða á landinu í eldri berglögum og leirinn er talinn vera leifar af jarðvegi eða eldfjallaösku sem hefur orðið á milli hraunlaga og hefur að hluta til ummyndast í leir en leir er skilgreint sem hluti efnis sem er smærri en 0,002 mm. Malarslitlög af þessu tagi eru viðkvæm fyrir langvarandi úrkomu strax eftir útlögn, þá vaðast þau upp og verða slæm yfirferðar. Nái þau hinsvegar að setjast, þurfa þau lítið viðhald, halda vel raka og missa ekki burðarþol þrátt fyrir langvarandi úrkomu. Þegar best lætur þarf ekki að rykbinda slitlög af þessu tagi, mölburðartíðnin minnkar um helming og heflunartíðnin er aðeins fimmtungur af því sem annars er venjulegt. Um efniseiginleika þessara slitlaga er lítið vitað, þó er talið heppilegt að hlutfalli malar og sands vegar og hluta fínefnis (< 0,075 mm) hinsvegar sé þannig háttað að punktar sem einkenna slitlagsefnið á þennan hátt lendi ofan línnunnar og helst innan ferhyrningsins á mynd 1.



Mynd 1: Heppileg samsetning leirblandaðra malarslitlaga. Gott malarslitlagsefni lendir ofan línnunnar og helst innan ferhyrningsins. Með sandi er átt við efni sem er smærra en 4,75 mm (FUG/ÁJ 1982)⁷.

Í tengslum við sama verkefni (FUG/ÁJ 1982)⁷ voru valdir 15 kaflar á íslenskum malarvegum víðs vegar um landið og sýni úr þeim borin saman við kröfur til sáldursferils í íslenskum og norskum verklýsingum (Ásbjörn Jóhannesson 1980)⁸. Jafnframt var slitlagið á köflunum metið af rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á viðkomandi svæði. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að lítið samræmi væri á milli mats á slitlaginu og sáldursferilsins og alls ekki marktækt. Á hinn bóginn verður að hafa í huga að slitlögin voru ekki metin af sama manni sem ótvírætt hefur spilt fyrir möguleikum á að finna samhengi milli efniseiginleika og endingar vegna ósamræmis í matinu.

Sumarið 1994 voru lagðir átta tilraunakaflar með malarslitlagi á Kjósarskarðsveg fyrir tilstilli Slitlaganefndar BUSL. Fjórir þeirra voru úr möluðu bögglabergi með 19, 16, 14 og 12 mm hámarks kornastærð. Hinir fjórir voru úr áreyraefni en að öðru leyti sams konar. Umferðin var riflega 100 ÁDU árið 1993. Þessari tilraun lauk aldrei með formlegri skýrslu en í stöðuskýrslu er tilgreint að akstursþægindi aukist með minnkandi kornastærð malarslitlags. Lausamöl og steinkast reyndist meira í áreyraefninu en í bögglabergsefninu. Hins vegar voru holar fleiri, stærri og dýpri og brúnir þeirra hvassari í bögglabergsefninu en áreyraefninu (Ásbjörn Jóhannesson 1998)⁹. Af áreyraefninu reyndist 14 mm efnið einna best. Bögglabergsefnið var blöðrótt, köntótt og hvasst á brúnum og áhöld um hvort reyndist betur, 14 mm eða 16 mm efnið.

3.1.2 Rykbinding

Til að minnka ryk í malarslitlögum eru þau gjarnan rykbundin. Misjafnt er hvernig staðið er að rykbindingu malarslitлага, en það er bæði háð umferðará lagi og gæðum efnisins hvort og þá hvernig rykbundið er. Hérlendis hefur verið rykbundið með vatni og sjó en einnig með natríumsklóríði (NaCl) eða kalsíumsklóríði (CaCl₂). Einnig hafa verið gerðar tilraunir með notkun magnesíumsklóríðs (MgCl₂). Þá virðist vera hægt að nota Dustex (lignosulphonate bindiefni) mjög fínefnaríku og leirkenndu malarslitagi. Á vegum með siltkenndara fínefni hafa gæði rykbindingar ekki verið nógu góð (Ásbjörn Jóhannesson o.fl. 2004)¹. Vegagerðin hefur á liðnum árum gert allmargar tilraunir með rykbindingu malarslitлага. Tvær þeirra, sem gefa til kynna að eiginleikar malarefnanna hafi haft áhrif á gæði rykbindingarinnar, eru raktar stuttlega hér á eftir.

Sumarið 1976 var gerð tilraun með rykbindingu í Mosfellsdal (Rannsóknastofnun byggingaríðnaðarins 1985)¹⁰. Kaflarnir voru sjö og voru allir nema einn rykbundnr með kalsíumsklóríði, ýmist 0,2 eða 0,4 kg/m². Fínefnainnihaldið (hluti efnis smærra en 0,074 mm) var ýmist 5%, 10% eða 15%. Kaflinn með 15% fínefnainnihaldi og 0,4 kg/m² af kalsíumsklóríði reyndist bestur þetta sumar og að jafnaði entist rykbindiefnið lengst í köflunum með mesta fínefnainnihaldið. Niðurstöðurnar voru þó ekki einhlítar og tilraunin mistókst að mestu leyti vegna óvenju mikillar úrkomu.

Hina tilraunina gerði framkvæmdadeild Vegagerðarinnar sumarið 1993 (Sigurbör Guðmundsson og Helgi Júlíusson 1995)¹¹. Markmiðið var að bera saman nokkur rykbindiefni; salt, kalsíumsklóríð, Dustex og bikþeytu, hvað varðar yfirborðseiginleika, rykmyndun, efnistap og kostnað. Tilraunakaflar voru gerðir á þremur stöðum á landinu, við Laugarvatn, í Borgarfirði og í Fnjóskadal, bikþeytan var þó aðeins reynd við Laugarvatn og í Borgarfirði. Salt, kalsíumsklóríð og Dustex voru prófuð í mismunandi miklu magni á hverjum stað fyrir sig, og órykbundinn kafli hafður til samanburðar, einnig á hverjum stað. Sumarið eftir var síðan einni gerð enn bætt við, magnesíumsklóríði og auk þess voru gerðar nokkrar prófanir á rannsóknarstofu, meðal annars með hæfni rykbindiefnanna til að halda í sér raka við mismunandi aðstæður.

Niðurstöðurnar voru hvorki einhlítar né afgerandi. Ályktanir sem snerta eiginleika malarefnisins eru þessar (nokkuð styttar):

- Mikilvægi slitlagsefnisins, einkum magn og gæði fínefnisins er ótvíraett og virðist hafa úrslitaáhrif á rykbindingu, bæði hvað varðar magn og endingu rykbindiefnanna.
- Dustex virðist vera hægt að nota í mjög fínefnaríku og leirkenndu malarslitagi. Gæði rykbindingar á vegum með siltkenndara fínefni voru ekki nógu góð.

- Ýmislegt virðist benda til að styrkur kalsíumsklóríðs sem rakadrægs efnis sé ekki aðalkostur þess heldur hæfileikinn til að harðna í slitlaginu og mynda með fínefnunum slitsterka skel í yfirborði slitlagsins og vernda þannig slitlagið og um leið halda raka í veginum.

Í skýrslunni (Sigurþór Guðmundsson og Helgi Júlíusson 1995)¹¹ kemur fram að í einu tilfelli skipti litlu máli hvaða efni var notað til að rykbinda slitlagið eða hvort það var yfir höfuð rykbundið. Þarna átti í hlut mjög fínefnaríkt slitlag (úr Arnarstapanámu, nnr. 801-15-05, um 30% < 0,075 mm). Í sömu skýrslu eru færð rök að tilgátu þess efnis að við rykbindingu með kalsíumsklóríði verði til kalk í hæfilega fínefnaríkum slitlögum, sem við heppilegar aðstæður myndi harða og slitsterka skel í slitlagsyfirborðinu og þessi skel hindri að einhverju leyti uppgufun vatns neðan úr slitlaginu.

Í febrúar 2006 var leitað til Bjarna H. Johansen, þjónustustjóra Vegagerðarinnar á Vesturlandi, um reynslu hans af rykbindingu, sjá viðauka A. Í hugleiðingum hans kemur fram að Bjarni telur engan vafa á að notkun rykbindiefna hefur haft bætandi áhrif á gæði malarslitlaga og lengt líftíma þeirra. Hann bendir í því samhengi á vegi á Snæfellsnesi þar sem til skamms tíma var aðgengilegt mjög ódýrt salt og því notað í meira mæli en venja var, eða allt að 7 tonn á km en þar hafa malarslitlög verið áberandi betri en t.d. í Borgarfirði.

Hann nefnir tilraun með rykbindiefni í Borgarfirði, sem stóð yfir 1993 – 1994, en þar kom fram að salt virtist kristallast í slitlaginu og styðja við fínefnauppbyggingu þess.

Hann benti jafnframt á eftirfarandi:

- Viðvarandi notkun á Dustex rykbindiefni hefur vissa langtíma virkni á slitlög og virðist einnig auka burð í vegum. Þetta rykbindiefni hentar best í fínefnasnauð malarslitlög (sendin).
- Svíar hafa náð góðum árangri við að rykbinda malarslitlagsefni sem unnið er úr bergi og malað í 0/12 og 14 mm. Þá er verið að vitna í CaCl.
- Klórinn tekur til sín raka úr andrúmsloftinu og þarf því ekki endurbleytingu þó þurriðrasamt sé eins og titt stundum er. Saltið hins vegar þarf mikla endurbleytingu með tilheyrandi kostnaði.
- Ekki liggja fyrir áreiðanlegar tölur um kostnað og eru tölur um vinnuliðinn í töflu 1 nokkuð óvissar.

Tafla 1: Kostnaður við ólíkar aðferðir við rykbindingu. Reiknað er með 4 tonnum af NaCl á km, 2 tonn af CaCl og 1,5 tonn af Dustex á km og 6 m breidd á vegi.

Tegund	Einingaverð efnis kr./tonn	Kostnaður kr./m ²	Ending (vikur eða innbyrðis hlutfall endingar)	Athugasemd
Salt ^A	11.000	12,3	12 vikur með hæfilegri útkomu eða bleytingu	Aukakostnaður við bleytingu verulegur
Kalsíumsklóríð	50.000	20,8	12 vikur	
Dustex	55.000	17,9	12 vikur	Skilar sér á milli ára

A: Vegir rykbundnir með salti eru sjaldnast ryklausir, nema þar sem fínefni eru hvað mest/best.

3.1.3 Fínefni

Í erindi sem flutt var á ráðstefnu um þjónustu og viðhald malarvega veltir Hreinn Haraldsson (1994)¹² fyrir sér hvort ekki sé rétt að setja kröfu í verklýsingar Vegagerðarinnar um þjálfi malarslitlagsefna.

Jafnframt bendir hann á að þekking á íslenskum fínefnum sé of lítil til að hægt sé að setja fram ákveðnar kröfur. Hann minnist einnig á þrjú rannsóknarverkefni sem nýlega hafði verið hleypt af stokkunum með fulltingi Vegagerðarinnar. Einu þeirra, *Skoðun malarslitlaga*, var ætlað að þróa aðferðir við skoðun malarslitlaga og skráningu þeirra. Annað var tilraun með að mala efni smærra en áður hafði tíðkast og kanna hvort það sæti betur í vegi en eftir hefðbundna vinnslu (lýst hér á undan sem tilraunaköflum á Kjósarskarðsvegi). Hvorugu verkefninu lauk með skýrslu. Hið þriðja er Fínefni í malarslitlög, sem hér hefur verið greint frá.

Áfangaskýrsla um síðastnefnda verkefnið kom út 1996 (Þórir Ingason og Edda Lilja Sveinsdóttir 1996)¹³. Þar er gerð grein fyrir efniseiginleikum 49 sýna sem höfðu verið tekin úr malarslitlagsnánum Vegagerðarinnar viðs vegar um landið. Sáldursferill þeirra var ákvarðaður (í flestum tilfellum niður fyrir 0,002 mm) svo og flæðimörk, þjál nimörk og rýrnunarstuðull (LS-stuðull) ef efniseiginleikar sýnanna leyfðu. Auk þess var kornalögun fínefnis (meðalþvermál korna, í lengd og hringlögun) í 14 sýnum greind í rafeindasmásjá. Jafnframt var safnað upplýsingum um reynslu Vegagerðarinnar af notkun efnis úr viðkomandi nánum í malarslitlög, með og án rykbindingar, þar á meðal tíðni heflunar, rykmyndun, gerð skemmda og ending, sem þó reyndust að nokkru leyti gloppóttar.

Hringlögun sýnanna var borin saman við rýrnunarstuðul þeirra (aðeins 12 sýni höfðu báða þessa eiginleika mælda) og sömuleiðis var í lengd borin saman við rýrnunarstuðul (einnig 12 sýni). Hvorugur samanburðurinn sýndi markvert samhengi milli eiginleikanna (Þórir Ingason og Edda Lilja Sveinsdóttir 1996)¹⁴.


Í lokaskýrslu þessa verkefnis, Fínefni í malarslitlög, kemur fram að fínefnainnihald slitlagsefnisins, þ.e. þungahlutfall efnis sem er smærra en 0,075 mm, virðist hafa umtalsverð áhrif á gæði og endingu íslenskra malarslitlaga (Ásbjörn Jóhannesson o.fl. 2004)¹. Í verklýsingu Vegagerðarinnar er mælst til þess að fínefnainnihald (hlutfall efnis sem er minna en 0,063 mm) sé á bilinu 10-15%. Einnig er æskilegt að hlutfall leirs af heildarmagni fínefna sé á bilinu 10-30% þar sem ætla má að ef fínefni eru nægilega mikil og hlutfall leirs nægilega hátt náist nægur bindingur í efninu. Fínefnin nái því að binda saman sandinn og steinana í efninu þannig að efnið haldist stöðugt í veginum. Mælingar sem gerðar voru í sambandi við verkefnið sýna að fínefnainnihald í slitlögum sé heppilegast á bilinu 10-18%. Jafnframt kemur fram að gæði malarslitlagsins fer vaxandi með auknu fínefnainnihaldi allt upp í 18% eða svo. Einnig er í áður nefndri skýrslu greint frá því að hugsanlegt sé að færa rök fyrir því að lækka neðri mörkin niður í 8%. Það er í samræmi við mörkin í norskum verklýsingum en þau eru 7-18% fyrir malað set (Ásbjörn Jóhannesson o.fl. 2004)¹.

Í sömu skýrslu kemur fram að gæði malarslitlaga virðast minnka skyndilega þegar fínefnainnihald nálgast 20%. Líkleg ástæða þessa er talin vera sú að malarslitlög með mjög miklu fínefnainnihaldi vaðist upp í úrkomutíð og séu þess vegna að jafnaði lakari að gæðum en malarslitlög með hóflegu fínefnainnihaldi. Þá kemur einnig í ljós að fínefnainnihald eitt og sér er alls ekki einhlítur mælikvarði þar sem dæmi eru um vel heppnuð malarslitlög með meira en 15% fínefnainnihaldi sem og dæmi um léleg malarslitlög með fínefnainnihald á bilinu 10-15%. Einnig eru dæmi um viðunandi slitlög með fínefnainnihaldi undir 10% (Ásbjörn Jóhannesson o.fl. 2004)¹.

3.2 Íslenskar kröfur

Í verklýsingu Vegagerðarinnar, ALVERK '95 (Vegagerðin 1995)⁵, eru skilgreindar kröfur til malarslitlagsefnis. Samkvæmt þeim skal malarslitlagið vera þétt og stöðugt og kornadreifing efnisins

þannig að sáldursferill þess falli innan markalína á mynd 2 og liggi samsíða þeim. Fínefnahlutfall (þ.e. hlutfall efnis minna en 0,063 mm) skal að vera á bilinu 10-15% en að öðru leyti eru engar kröfur gerðar sem tengja mætti fínefnisinnihaldi eða þjálni. Kveðið er á um að steinefni skuli vera góð köntuð möl, mulið berg eða mulið hraun. Grófi hluti þess skal vera slitsterkur þannig að hann molni ekki niður við frost og þíðu eða umferðarálag og valdi því að kornalína falli utan marka. Ekki eru gerðar frekari kröfur til malarslitlagsefnisins sjálfs en gefnar leiðbeiningar fyrir útlögn þess. Þar kemur fram að við útlögn skal yfirborð undirlags og slitlagsefnis vera hæfilega rakt til að tryggja þjöppun slitlagsefnisins og næga bindingu við undirlagið. Forðast skal aðskilnað fínna og grófra efna og bæta úr á fullnægjandi hátt þar sem slíkt kemur fyrir.




Mynd 2: Markalínur steinefna í malarslitlag skv. ALVERKi '95.


Í BUSL verkefinu um fínefni í malarslitlög (Ásbjörn Jóhannesson o.fl. 2004)¹ var lagt til að bætt yrði við kröfur ALVERKS '95 á þann veg að rýrnunarstuðull verði tekinn upp sem gæðastiki fyrir malarslitlagsefni, mörk fyrir fínefnainnihald verði rýmkuð í 7-18% og að leirhluti (þungahlutfall leirs af efni smærra en 0,075 mm) væri á bilinu 10-25%. Einnig var lagt til að teknar yrðu upp kröfur um lágmarks styrk, veðrunarþol, slitþol, brothlutfall og kornalögum steinefna í malarslitlög, sömuleiðis hámarksgildi á lífrænum óhreinindum.

Í vefriti Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is)² eru gerðar kröfur um lífrænt innihald, kornadreifingu, rýrnunarstuðul, berggreiningu, styrkleikapróf, brothlutfall og kornalögum. Um lífrænt innihald gildir að í flestum tilfellum er sjónmat látið nægja en í vafatilfellum eru gerðar kröfur um mælingu á glæðitapi. Kröfur til kornadreifingar eru háðar því hvort um er að ræða malað set eða malað berg, sjá myndir 3 og 4. Jafnframt þessu eru gerðar kröfurum lágmagnsmagn fínefnis (< 0,063 mm) og til viðbótar er gerð krafa um að hlutfall leirs (efni minna en 0,002 mm) skuli vera á bilinu 10-30% af heildarmagni fínefna. Um aðrar kröfur er vísað til töflu 2 þar sem þær eru taldar upp ásamt kröfum frá öðrum löndum. Rétt er þó að vekja athygli á því að hérlendis er leyfður hærri rýrnunarstuðull en í

Noregi enda er þjálni íslensks fínefnis almennt séð minni hér. Í norskum og sænskum verklýsingum eru gerðar fleiri kröfur um rannsóknir fyrir malarslitlagsefni, sjá nánar í kafla 3.3.



Mynd 3: Markalínur fyrir 16 mm malarslitlagsefni, unnið úr möluðu seti. Úr vefriti Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is)².



Mynd 4: Markalínur fyrir 16 mm malarslitlagsefni, unnið úr möluðu bergi. Úr vefriti Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is)².

3.3 Kröfur nokkurra erlendra verklýsinga og glefsur úr erlendum rannsóknum

Í norskum verklýsingum (Håndbok 018, 2009)¹⁵ eru, auk krafna til styrkleikaflokks steinefna, kleyfni og brothlutfalls, gerðar kröfur til sáldursferils og þjálni. Kröfur til þjálni eru mismunandi eftir úrkomu, ef ársúrkoman er minni en 1000 mm á rýrnunarstuðull fínefnisins að vera á bilinu 2-5%, annars að hámarki 3%. Markalínur sáldursferilsins eru tvennis konar eftir því hvort efnið er malað berg eða malað set. Í möluðu bergi á fínefnainnihaldið (< 0,063 mm) að vera á bilinu 5-9%, í möluðu seti 7-17%. Verklýsingarnar voru nýlega endurskoðaðar eru þær að mestu leyti óbreyttar. Þó hefur verið bætt við kröfu um að lífræn óhreinindi, ákvörðuð með glæðitapi, í þeim hluta efnisins sem er smærri en 0,5 mm, séu ekki meiri en 1% og ögn þrengri skorður voru settar við fínefnainnihald.

Í sænskum verklýsingum (Allmän teknisk beskrivning, 2003)¹⁶, kafla E12, eru gerðar kröfur um hlutfall malaðs efnis, hámarksinnihald af lífrænum efnum og styrkleika. Sáldursferill efnisins á að liggja innan tilgreindra marka og fínefnahlutfallið (< 0,063 mm) á að vera 10-15%. Þar að auki er gerð krafa um að leirinnihald (skilgreint sem 0,002/0,063 mm) skuli vera 10-33%. Í verklýsingunum er ekki minnst á þjálni.

Í Svíþjóð hefur verið unnið forrit sem líkir eftir ýmsum niðurbrotsferlum í malarslitlögum áhrifum viðhaldsaðgerða. Árið 2005 bar Karin Johansson (2005)¹⁷ saman líkanreikninga forritsins og ýmsar þær upplýsingar sem fyrirliggjandi eru um malarslitlög víða um heim. Engar upplýsingar var að finna um vinnslu malarslitlagsefnis né hvernig hægt væri að bæta eiginleika þess með íblöndun fínefna.

Á upplýsingasíðu sem Federal Highway Administration, LTAP, heldur úti¹⁸ er tekið sem dæmi að heppilegt fínefnainnihald (< 0,074 mm) í malarslitlagsefni sé 4-15% og þjálni á bilinu 4-12. Á heimasíðu miðstöðvar um rannsóknir á malarslitlögum, Center for Dirt and Gravel Road Studies, DSAS, í Pennsylvaníu (2003)¹⁹ er hins vegar tilgreint 10-20% sem hæfilegt fínefnainnihald.

Bráðabirgðaniðurstöður finnskrar rannsóknar á malarslitlögum (Valkonen, 2002)²⁰ sýna að leirinnihald skýrir stundum endingu malarslitlaga með ágætum. Þar sem leirinnihaldið sé lítið og loftslag þurrt megi búast við steinlosi og ryki, en sé leirinnihald hátt á úrkomusönum svæðum megi búast við hjólförum og holum. Jökulruðningur reynist oft vel sem ofaníburður, sömuleiðis jarðvegsblönduð möl og annars flokks steinefni, einnig malað berg, hæfilega blandað fínefni frá steinefnaframleiðslu. Síðast en ekki síst hafa aðstæður, við og á vegi, mikil áhrif á endingu malarslitlaga.

Í doktorsritgerð um rannsóknir á malarslitlögum í Namibíu (Dierks, 2002)²¹ er meðal annars stillt upp líkani fyrir breytingu á ýfi sem falli af nokkrum breytum. Marktækjar breytur í líkaninu sem lýsa efniseiginleikum eru þjálni, fínefnainnihald (< 0,074 mm) og berggerð. Aðrar marktækjar breytur eru umferð, þakhalli á slit lagi og tími (frá síðustu mælingu á ýfi). Varla þarf að taka fram að aðstæður og malarslitlagsefni eru gerólík því sem gerist á Íslandi, ársúrkoma er 20-400 mm eftir landshlutum (Pearce og Smith, 1980)²² og slitlagsefnið er oft fínkorna, flögótt setmyndun (shale) eða kalksteinsmyndanir (calcareous mix).

Tæplega 1500 kaflar voru athugaðir og skýringarhlutfall líkansins er 38%. Gæði slitlagsins jukust með hækkandi þjálni. Nánar tiltekið voru líkurnar 48% á vel heppnuðu slitlagi ef þjálnin var 4 eða minni, 67% ef þjálnin var á bilinu 4-8 og 76% ef þjálni var meiri en 8, þó þannig að líkurnar minnkuðu

lítillega ef þjálin fór yfir 12. Gæði slitlagsins voru mest ef fínefnainnihaldið var á bilinu 10-20% en minnkuðu aðeins lítillega þótt fínefnainnihaldið væri á bilinu 20-40%.

Ein breyta enn sýndist hafa áhrif á slitlagsgæði, þótt hún næði ekki fótfestu í ofangreindu líkani. Þessi breyta er nefnd „fineness index“ (FI) og er margfeldi fínefnainnihalds og þjálni. Slitlagsgæðin reyndust mest þegar þetta gildi var á bilinu 100-200.

Tafla 2: Kröfur um eiginleika malarslitlagsefnis á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Bandaríkjunum.

		Korna-dreifing	Styrkleikaflokkur / LA gildi	Kleyfnistuðull	Brothlutfall	þjálni	Hámark malaðs efnis	Fínefnahlutfall (< 0,063 mm)	Lifraen óhreinindi	Rýrnunar-stuðull	Annað
										Úrkoma < 1000 mm/ári	Úrkoma > 1000 mm/ári
ALKVERK 95		X						10-15%			A
Leið-beiningar Vg	ÁDU < 75	X	40	50	C _{NR/50}					2-10%	< 30 ^B < 25 ^B
	ÁDU > 75	X	35	35	C _{50/30}						
Norskar verk-lýsingar	Malað set	X	≤ 35	≤ 30	C _{30/60}	X		7-17%		2-5%	< 3%
Sænskar verklýsingar		X	X				X	5-9%	<1%		D
LTAP						4-12%		10-15%	X		
DSAS								10-20%			

X = gerðar eru kröfur um þessa eiginleika

A: Efnið má ekki brotna niður við frost þíðu eða umferðarálag þannig að það lendi utan marka kornadreifingarinnar.


B: Leiðbeinandi kröfur um leyfilegt magn steinefna í gæðaflokki 3 við berggreiningu.

C: Micro-Deval ≤ 15; Kúlnakvörn ≤ 19.

D: Af fínefnahlutfallinu (þ.e. 0,002/0,063) eiga 10-33% að vera minni en 0,002 mm.

Á heimasíðu International Focus Group on Rural Road Engineering, IFG (2004)²³, má meðal annars finna leiðbeiningar um val á efni í malarslitlöög sem líkast til eru miðaðar við aðstæður í hita- og heittempráða beltinu. Þar er tekið fram að val á efni í malarslitlag sé að öllu jöfnu málamiðlun; efni þurfi að hafa nægilega mikla þjálni til að koma í veg fyrir efnistap á þurrviðrisskeiðum en jafnframt nógu litla þjálni til að koma í veg fyrir slæm hjólför og aflögun á rigningartímabilum. Hæfileg þjálmimörk taki þess vegna mið af veðurfari.

Mynd 5 er sótt á áður nefnda heimasíðu IFG. Myndin er ættuð úr suðurafrískum leiðbeiningum um malarslitlöög og sýnir hvernig eiginleikar malarslitlags breytast með tveim efniseiginleikum, SP og Gc. Tekið er fram að mörkin milli flokka geti breyst eftir landslagi, veðurfari og umferð. Enda þótt myndin sé byggð á reynslu af malarslitlöögum við aðstæður sem eru gerólíkar því sem gerist hérlendis, má samt sem áður búast við að hún gefi nokkra hugmynd um eiginleika íslenskra malarslitlaga.



Mynd 5: Eiginleikar malarslitlaga sem fall af tveimur efniseiginleikum, SP og Gc. SP er skilgreint sem margfeldi rýrnunarstuðuls (LS) og hundraðshluta efnis sem er smærri en 0,425 mm en Gc er skilgreint sem ($P_{26,5} - P_{2,0}$)* ($P_{4,75}$)/100, þar sem P táknað hundraðshluta efnis smærri (í mm) en talan sem fer á eftir [IFG 2004].

Malarslitlagsefni í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum er unnið úr möluðu efni. Á heimasíðu DSAS²⁴ kemur fram að eftirfarandi kröfur eru gerðar:

- Ekki má bæta í efnið silti eða leir.
- 98% fínefnisins (< 0,075 mm) skal vera malað berg
- LA gildi < 40%
- Vinna skal efnið við rétt rakastig, sjá mynd 6
- Kröfur um kornakúrfu skulu vera til samræmis við töflu 3.

Tafla 3: Kornakúrfa malarslitlagsefnis, kröfur frá Pennsylvaníu fylki í Bandaríkjunum.

Möskvastærð		Neðri mörk	Efri mörk
1,5"	38 mm	100%	
¾"	19 mm	65%	95%
#4	4,75	30%	65%
#16	1,18 mm	15%	30%
#200	0,075 mm	10%	15%



Mynd 6: Hvernig meta má rakastig í handsýni. Til vinstri: Of þurrt. Í miðju: Hæfilegt rakastig. Til hægri: Of blarott.

Í handbók sem ætluð er til aðstoðar við útlögn umferðarlítilla malarvega í Kaliforníu (Keller & Sherar, 2003)²⁵ er ráðið frá eftirfarandi verklagi við vinnslu malarslitlaga:

- Framkvæmdir og umferð þungra farartækja í mikilli bleytu og rigningartíð.
- Leyfa holum og hjólförum að verða meira en 5-10 cm að dýpt.
- Nota möl sem er grófari en 75 mm í malarslitlögin.
- Nota jarðveg sem fínefni í malarslitlög, veikt berg sem brotnar niður undan umferðarþunga og hreint (fínefnasnautt), illa flokkað (poorly graded) möl sem hættir til að skolast í burtu, trosna eða mynda þvottabretti.

Í handbókinni er mælt með eftirfarandi verklagi:

- Lagfæra yfirborð vega þegar holur og hjólför myndast.
- Viðhalda 3-5% veghalla til að tryggja að vatn renni af slitlaginu.
- Hefla yfirborðið reglulega til að koma í veg fyrir að þvottabretti, djúpar holur eða hjólför myndist.
- Þjappa vel undirlag vegarins sem og slitlagsefnið á byggingarstigi þ.a. slitlagið verði slétt til að hindra aðgengi vatns.
- Styrkja yfirborðið á viðkvæmum stöðum nálægt lækjum og við ræsi til að hindra yfirborðsrof.
- Gera við staðbundnar skemmdir og veikleika með 10-15 cm lagi af grófu malarefni og meiru ef þarf.
- Hafa hemil á rykmyndun með vatni, olíu, viðarspæni eða öðrum aðferðum til rykbindingar.
- Blanda leirríku fínefni í grófara steinefni þ.a. úr verði blanda með góða kornadreifingu og 5-15% fínefni.
- Hafa virkt eftirlit á framkvæmdastigi með efniseiginleikum. Beita sjónmati og efnisprófunum til að til tryggja að efniseiginleikar séu ásættanlegir.


Besta malarslitlagsefnið hefur einhverja þjálni og góða kornadreifingu. Æskilegt er að kornadreifingin fylgi ferlunum á mynd 7 og sé sem næst þeim sem er sýndur með strikalínu fyrir miðri mynd.

Ken Skorseth, verkstjóri í Suður Dakóta²⁶, telur að helstu ástæður lélegs malarslitlags þar sem þvottabretti myndast megi rekja til eftirfarandi.

- Vantar raka – það er ekki hægt að hafa áhrif á úrkomu en það er hægt að hafa áhrif á rakaheldni slitlagsefnisins
- Umferð – það er ekki hægt að stjórna aksturslagi ökumanna

- Lélegt steinefni – kornadreifing, bindieiginleikar og brothlutfall hafa áhrif á myndun þvottabretta en er hægt að hafa áhrif á þessi atriði á framleiðslustigi.

Figure 12.4 Gradation ranges of roadway surfacing materials and their performance characteristics.
(Adapted from R. Charles, 1997 and the Association of Asphalt Paving Technologists)



NOTE: Gradation Ranges Shown Are Approximate.

Mynd 7: Besta malarslitlagsefnin hefur einhverja þjálni og góða kornadreifingu sem er samsíða ferlunum á myndinni, helst sem næst þeim sem er sýndur með strikalínu fyrir miðri mynd. Mynd af vefsíðu US Roads (Skorseth)²⁶.

4. Vinnsluaðferðir

4.1 Um erlenda reynslu af vinnslu efnis í malarslitlöög

Víða var leitað fanga við að afla upplýsinga um almennt verklag við vinnslu malarslitlagsefnis en fátt virðist hafa verið birt um það efni, þ.e. um hagnýt atriði sem snúa að sjálfri efnisvinnslunni. Haft var samband við fjölmarga norska aðila sem starfa við efnisvinnslu og/eða innan norsku Vegagerðarinnar en enginn þeirra sem leitað var til hafði á reiðum höndum upplýsingar um verklag sem hægt var að deila. Víðar var leitað heimilda, m.a. í Svíþjóð, Finnlandi og Kanada, og bar allt að sama brunni, hvergi var að finna haldbærar upplýsingar um efnisvinnsluna sem hægt var að nýta hérlandis. Ef til vill liggur skyringin að hluta til í því að íslenskir framleiðendur glíma við vandamál sem eru ólík því sem erlendir stallbræður þeirra fást við. Almennt séð er lítið af þjálum fínefnum á Íslandi en þessu er öfugt farið í flestum öðrum löndum. Þegar hér er aflað fanga um hvernig erlendis starfsbræður fara að því að tryggja að þjálni fínefnishlutans sé nægur er það óþekkt vandamál erlendis þar sem frekar þarf að leita leiða til að minnka þjálnina.

Leitað var til norskra samstarfsaðila (Danielsen, 2006)²⁷ og spurt um reynslu þeirra af því að blanda fínefni í malarslitlagsefni, hvernig það væri gert og hvers konar fínefni væri notað (t.d. feitur leir). Fram kom að í Noregi er krafa um lágt „plasticity index“ en hérlandis hafa menn hins vegar áhuga á að nota efni með hærra „plasticity index“ gildi. Hér á eftir er tæpt stuttlega á því sem kom fram í þessum samskiptum en í viðauka A er afrit af rafrænum skeytum.

Í samtölum kom einnig fram að vandamálin (og reynslan) í Noregi er sú að of mikið er af fínefni í malarslitlagsefninu frekar en of lítið, því er lítil sem engin reynsla til að svara því hvers konar íblendiefni hentar (Danielsen 2006)²⁷.

Það er reynsla Norðmanna að það verði gjarnan niðurbrot vegna aksturs þ.a. efnið er gjarnan haft aðeins grófara fyrir niðurlögn. Fínefnishlutfall er með 7-17% fínefnisinnihald (< 0,063 mm) og stærsta kornastærðin er 16 mm. Malað berg er gjarnan með lægra fínefnishlutfall en þegar náttúrulegt malarefni er notað. Ef magn glimmers (og jafnvel líka kalks) er > 12% þarf að meta blönduna sérstaklega en hvort tveggja, glimmer og kalk, er óæskilegt í malarslitlagsefni.

Samkvæmt upplýsingum frá Øystein Myhre (2006)²⁸ er í norskum gögnum ekki að finna upplýsingar um efnisval eða vinnslu malarslitlagsefnis.

Þeir eiginleikar sem eru skoðaðir í Noregi eru m.a. CBR, rakadrægni (vannfølsomhet), LS gildi og jafnvel LA gildi en kornakúrfan er mikilvægust. Svo er vísað í kafla 61 í Håndbok 018 (2009)¹⁵ vegna frekari lýsingar á prófunaraðferðum.

Varðandi útlögn, þá er það reynsla Norðmanna að ekki er hægt að leggja malarslitlag beint á steinafyllingu. Almennt séð eru vandræði með fínefni og raka þau að fínefnið festist sem gerir útlögn illmögulega.

Í Noregi er engin reynsla af því að nota leir. Ef nota skal leir er líklegt að annað hvort þurfi að þurrka hann og mala, við útlögn yrði efnið þá lagt út í lögum og tætt saman, eða að leirinn yrði lagður sem slurry. Ætli menn sér að nota leir þarf líka að velta fyrir sér hver áhrif frosts og þíðu eru á

efnisaðskilnað, einkum m.t.t. tilfærslu á fínefnishlutanum. Finnar hafa prófað að sementsbinda malarslitlög en aðeins utan þéttbýlissvæða. Fyrst var efnið lagt út og svo var fræst í það eftir á.

Til viðbótar þessum fyrirspurnum til Noregs var leitað á ýmsum vefsíðum. Á sínum tíma fengust engar upplýsingar þar.

4.2 Íslenskt verklag

Réttar aðferðir geta skilið á milli feigs og ófeigs þegar kemur að því að framleiða steinefni til nota í malarslitlög. Leitað var upplýsinga um vinnsluaðferðir erlendis, sjá 4.1. Hér lendis hafa hins vegar verið litlar upplýsingar fyrirliggjandi um þær aðferðir sem notaðar hafa verið við vinnslu efnis í malarslitlög. Því var ákveðið að leita til íslenskra framleiðenda, sjá 4.2. Samhliða þessu var leitað til deildarstjóra Vegagerðarinnar og leitað álits þeirra um gæði efnis í nánum á þeirra vegum, sjá 4.2.2. Spurningalistarnir voru unnir af Þorbjörgu Hólmeirs dóttur með aðstoð verkefnishópsins.

4.2.1 Framleiðendur

Haustið 2004 voru útbúnir spurningalistar sem sendir voru til þeirra steinefnaframleiðenda sem boðið höfðu í vinnslu á malarslitlagsefni á Íslandi síðustu fimm árin. Meðal annars var spurt um þær aðferðir sem beitt er við vinnslu efnis sem notað er í malarslitlög, um eðli þeirra vandamála sem fylgja slíkri vinnslu og þann tækjabúnað sem notaður var. Í viðauka B er sýnishorn af bréfi og spurningalista. Svör bárust frá sex verktökum (feitletraðir).

Arnarfell ehf.

Fossvélar

Króksverk hf.

Myllan ehf

Suðurverk hf.

Tak ehf. / Tak-Malbik ehf.

Alverk ehf.

Arnarverk ehf.

Björn og Gylfi vinnuvélar sf.

Hólsvélar ehf.

Hörður Þór Ástþórsson

Magnús Jóhannsson

Norðurtak ehf.

Sigurbór Pétur Þórisson

Vegamenn ehf.

Þingvirki sf.

Þverá-Golf ehf.

Allir framleiðendurnir höfðu tækjabúnað sem bauð upp á úttekt sands á matara og/eða millihörpu. Einnig höfðu allir þann möguleika að blanda fínefni inn í hringrásina á matara, millihörpu og á færibandí (einn aðeins á matara). Þrír af fjórum framleiðendum gátu tekið út fínefni á matara og/eða millihörpu (einn á báðum stöðum).

Þrír framleiðendanna stjórnuðu efnisgæðum með efnistökunni, þ.e. blönduðu efni saman áður en það var sett í malarann. Þetta átti við um úttekt og íblöndun efnis. Einn af þeim hafði þann kost að stjórna efnisgæðunum með búnaði í samstæðunni. Þar hafði sandur og fínefni, bæði siltríkt og leirríkt, verið tekið út á millihörpu. Íblöndun var á matara, bæði siltríkt og leirríkt fínefni. Einnig hafði

steinríku efni verið blandað í fínefnaríkara efni á matara. Aðeins einn framleiðandi stjórnaði efnisgæðum með úttekt sands á millihörpu en ekki með efnistöku, úttekt sands á matara, úttekt eða íblöndun fínefnis.

Að mati allra framleiðendanna voru helstu erfiðleikar við framleiðslu malarslitlagsefna að of mikil fínefni festust í rennum, hörpum, böndum og brjótum. Allir voru sammála um að ástæðan væri raki í fínefnum og veðurfar. Einnig voru nefndar sem ástæður lélegt steinefni og feitur leir, en tveir framleiðandanna héldu því fram að það væri ekki ástæðan. Oft uppfylla malarslitlagsefni ekki þær kröfur sem ALVERK '95 gerir til þeirra, en ástæða þess voru kornadreifing og magn og gerð fínefna. Tveir framleiðandanna nefndu einnig efniseiginleika í námu, styrk steinefna, brothlutfall og kornalögun en hinir tveir töldu það ekki skapa vandamál.

Misjafnt var hvaða nýjungr framleiðendur töldu gott að kæmu fram. Þar á meðal var sérstakur matarabúnaður þar sem hægt væri að stjórna magni íblöndunarefnis sem gæti leyst einhver þeirra vandamála sem talin eru upp hér að framan. Einnig gæti einfaldur búnaður sem gefur framleiðendum möguleika á íblöndun og úttekt efna á fremsta færibandinu komið að miklu gagni.

Einnig töldu framleiðendur að við vinnslu á fínefnaríku og leirríku efni gæti verið mikilvægt að nota bandmatara þar sem hristimatari hristir efnið þannig að rakt væri efni orðið að drullu þegar það kemur út. Einnig væri gott að hafa í samstæðunni búnað til að hraðastýra bæði böndum og hörpum. Smá breyting á hraða hörpunnar getur breytt vinnslumáta hennar nokkuð og valdið því að hún virkar betur á það efni sem unnið er með hverju sinni. Þá var einnig bent á að stór og öflugur kónn gæfi meiri möguleika en líttill til að brjóta meira grjót saman við efnið og fá þannig meira ryk.

Samhliða aðferðum við vinnslu var spurt um þann tækjabúnað sem framleiðendur höfðu til umráða og þá möguleika sem búnaðurinn bauð upp á, sjá samantekt í töflum 4 og 5.

Tafla 4: Yfirlit yfir tækjabúnað framleiðenda malarslitlagsefnis. Byggt á innsendum svörum framleiðenda.

		Forbrjótur				Eftirbrjótur		
Framleiðandi	Fj. Sam stæð na	Tegund	Breidd	Há- marks steina- stærð	Fj.	Týpa	Tegund	Fj.
Sigurbór Pétur Þórisson	2	Lokomo K75	700	500	1	Kónbrjótur	Lokomo G128	1
Sigurbór Pétur Þórisson	2	Goodvin Barsby	900	600	1	Kónbrjótur	Lokomo G1100	1
Sigurbór Pétur Þórisson	2	Brown Lennox	700	500	1			
Björn og Gylfi sf.	1	Texon 2644	600	1100	1	Kónbrjótur	Texon - mastrack 1000	1
Króksverk	1	Lokomo - Nordberg	700	700	1	Kónbrjótur	Lokomo - Nordberg	1
þverá-Golf	1	Baiono	900	400	1	Kastbrjótur	Baiono	1
Tak-Malbik ehf.	2	Lokomo Citytrack 80		1000	1	Kónbrjótur	Lokomo (Metso)	2
Tak-Malbik ehf.	2	Lokomo 105		1000	1	Annað	Rotopactor	1
Tak-Malbik ehf.	2	Universal		1000	1			
Myllan ehf.	>2	Ekki tilgreint	600	500		Kónbrjótur	Metso	3
Myllan ehf.	>2	Ekki tilgreint	800	700		Kónbrjótur	Lokomo	1
Myllan ehf.	>2	Ekki tilgreint	1000	900		Kónbrjótur	Morgenshamn	1
Myllan ehf.	>2	Ekki tilgreint	1000					

Tafla 5: Möguleikar tækjabúnaðar og aðferðir sem hefur verið beitt við vinnslu hjá framleiðendum.

		Björn og Gylfi	Króksv erk	Myllan	Sigurþ ór Pétur Þórisso n	Tak	þverá- Golf
MÖGULEIKAR TÆKJABÚNAÐAR VIÐ VINNSLU MALARSPLITLAGSEFNIS							
Úttekt sands	Á matara	-	-	Já ^A	Já ^C	Já	-
	Á millihörpu	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Úttekt fínefnis	Á matara	-	-	-	Já ^C	Já	já
	Á millihörpu	-	Já	-	Já	Já	Já
Íblöndun fínefnis	Á matara	Já	Já	Já ^B	Já ^D	Já ^E	Já
	Á millihörpu	Já	-	-	Já	Já	Já
	Inn á færiband	Já	-	-	Já	Já	Já ^F
AÐFERÐIR SEM HEFUR VERIÐ BEITT VIÐ VINNSLU Á MALARSPLITLAGSEFNI							
Gæðum stjórnað með	Efnistöku	-	Já	Já	Já	Já	Já
	Búnaði	Já	-	-	-	Já	-
Úttekt sands	Á matara	-	-	-	-	Já	-
	Á millihörpu	Já	Já	-	-	Já	-
Úttekt siltríks fínefnis	Á matara	-	-	-	-	Já	-
	Á millihörpu	-	Já	-	-	Já	-
Úttekt leirríks fínefnis	Á matara	-	-	-	-	-	-
	Á millihörpu	-	Já	-	-	-	-
Íblöndun siltríks fínefnis	Á matara	-	Já	Já	-	Já	-
	Á millihörpu	-	-	-	-	-	-
	Inn á færiband	-	-	-	-	Já	-
Íblöndun leirríks fínefnis	Á matara	-	Já	Já	-	Já	-
	Á millihörpu	-	-	-	-	-	-
	Inn á færiband	-	-	-	-	Já	-
Íblöndun steinaríks efnis		-	Já	Já	-	Já	-
Vegalengd	0-10 km		Já	-	-	-	-
	10-30 km		Já	-	-	-	-
	30-70 km		-	Já	-	-	-
Klöpp möluð í malarslitlög		-	-	Já	Já	Já	-

A: Sjaldan eða aldrei gert í malarslitlagi

B: Íblöndun fínefnis fer oftast fram í námunnin

C: Hægt er að taka út sand og fínefni en til þess þarf lítilsháttar smíðavinnu. Við vinnslu malarslitlags hefur alltaf verið notast við eina hörpu í hvorri samstæðu.

D: Með því að nota auka matara er hægt að blanda eftir inn í hrngrásina. Oftast hefur verið vandamál að finna efni með nægjanlegu fínefni í og einnig hefur sjaldan verið aðgangur að fínefnaríku efni til íblöndunar.

E: Besta leiðin til að bæta við leir er að gera það í vinnsluferli vélanna.

F: Ef námur eru mjög fínefnaríkar væri mikill kostur að geta blandað í eða tekið út efni á fremsta beltinu.

4.2.2 Vegagerðin

Sendir voru spurningalistar til deildarstjóra Vegagerðarinnar um námur á þeirra vegum. Leitað var upplýsinga um efni í einstökum haugum og spurt um vinnsluna, reynslu af efninu og mat deildarstjóranna á ástæðum góðrar eða slæmrar hegðunar efnisins. Í viðauka C er sýnishorn af bréfi og spurningalistanum. Sent var á eftirfarandi umdæmi:

Akureyri	Sigurður Oddsson
Ísafjörður	Guðmundur Rafn Kristjánsson
Reyðarfjörður	Guðjón Magnússon
Sauðárkrúkur	Einar Gíslason
Reykjavík	Jóhann J Bergmann
Borgarnes	Ingvi Árnason
Selfoss	Sigurður K Jóhannsson

Svör þeirra náðu til yfir 80 hauga um allt land.


Fyrsta var spurt um vinnslu efnis og hvernig efnið hafi verið unnið. Í aðeins 17 af 80 haugum hafði efni verið sérstaklega valið eða blandað fyrir vinnslu.

Í langflestum tilvikum, eða í 75 haugum, hafði efnið verið malað. Í flestum þeirra, 46 alls, var efnið í stærðarflokki 0/16 mm. Einn haugur var af hvorri stærð, 0/14 mm og 0/15 mm. Í 12 haugum var efnið af stærðinni 0/19 mm og 15 haugar voru af stærðinni 0/20 mm.


Efnið úr fimm nánum hafði verið harpað, í fjórum þeirra í stærðarflokkinum 0/32 mm og í einni í 0/16 mm.

Aðspurðir um aðrar aðgerðir kom eftirfarandi fram í svörum deildarstjóranna:

- Í tveimur haugum hafði sandur verið tekinn út á vinnslustigi og fínefni hafði verið tekið út í þremur haugum.
- Í þrettán haugum hafði fínefni verið blandað í á vinnslustigi, allt frá 5% upp í 28% íblöndun, sjá nánar á mynd 8.
- Í ellefu haugum hafði grjóti verið blandaði í á vinnslustigi, allt frá 5 og upp í 20-30%, sjá nánar á mynd 9.



Mynd 8: Á myndinni er sýnd samantekt á því hver hlutföll íblöndunar fínefnis var skv. upplýsingum frá deildarstjórum Vegagerðarinnar.



Mynd 9: Á myndinni er sýnd samantekt á því hver hlutföll íblöndunar grjóts var skv. upplýsingum frá deildarstjórum Vegagerðarinnar.

Misjafnt var hversu vel efnið hélt í sér raka og hafði rykbindingu verið beitt hjá 58 haugum, yfirleitt með góðum árangri en í níu tilfellum með litlum árangri. Í flestum tilfellum var salt notað til rykbindigar en einnig salt-sjór, salt-Dustex, salt-Kalsíum og Magnesíum-klór. Sjá nánari samantekt um rakaheldni og rykbindingu í töflu 6 og í samantekt í svörum deildarstjórnanna í töflum 8-13.

Tafla 6: Samantekt um rakaheldni og rykbindingu.

Heldur vel í sér raka án rykbindingar	
Já	32
Hvorki né	18
Nei	23
	73
Rykbinding	
Já	58
Nei	18
Ekkert svar	3
	79
Ending rykbindingar	
Góð	34
Meðal	23
Lítill	9
	66
Efnisgerð	
Salt	41
Salt-sjór	5
Salt-Dustex	4
Salt-Kalsíum	2
Magnesíum klór	1
Ótilgreint	5
	58

Að lokum var spurt um reynslu deildarstjóra Vegagerðarinnar af malarslitlagsefninu og mat þeirra á ástæðum góðrar eða slæmrar hegðunar. Afar mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða huglægt mat sérhvers deildarstjóra þ.a. varast ber að draga of miklar ályktanir af mati á efnisgæðum. Samantekt svara er í töflu 7. Einnig má sjá niðurstöður þeirra á mynd 10.

Það var mat deildarstjórnar að innan við helmingur efnisins í þessum 80 haugum hefði reynst vel en þó ekki verr en svo að einungis efnið í þremur haugum hafði reynst illa. Mat þeirra var að hætta væri á myndun þvottabretta í efninu úr níu haugum en að í riflega helmingi hauganna, 44 alls, væri ekki hætta á myndun þvottabretta.

Af svörum má ljóst vera að þau atríði sem eru talin hafa mikil áhrif á hegðun malarslitlagsefnis eru kornadreifing, magn og gerð fínefna og styrkur steinefna en þessir þættir eru taldir til tekna hjá um fjórðungi til þriðjungs af haugum Vegagerðarinnar. Hátt brothlutfall og kornalögun er tilgreint hjá færri haugum.

Þegar kemur að ástæðum slæmrar hegðunar malarslitlagsefnis eru lágt brothlutfall og gerð fínefna tilgreint hjá um eða yfir fjórðungi hauganna. Aðrir þættir, eins og of lítil eða of mikil fínefni, of veik steinefni eða of mikill sandur er tilgreint sem ástæða hjá um eða innan við fimmtungi af haugnum. Kornalögun hefur minnst áhrif, sé tekið mið af huglægu mati deildarstjóra Vegagerðarinnar.

Tafla 7: Mat á reynslu af malarslitlagsefni og mat á ástæðum góðrar eða slæmrar hegðunar.

Hvernig hefur efnið reynst	
Vel	33
Sæmilega	32
Illa	3
	79
Hætta á þvottabretti	
Já	9
Hvorki né	23
Nei	44
	76
Mat á ástæðum góðrar hegðunar:	
Kornadreifing	25
Magn fínefna	25
Gerð fínefna	24
Sterk steinefni	21
Hátt brothlutfall	13
Kornalögun	10
Mat á ástæðum slæmrar hegðunar:	
Of lágt brothlutfall	24
Gerð fínefna	20
Of lítil fínefni	15
Of mikil fínefni	14
Of veik steinefni	14
Of mikill sandur	11
Kornalögun	6
Ekkert mat á ástæðum hegðunar	17

Tafla 8: Svör deildarstjóra Vegagerðarinnar á Suðurlandi.

Umdæmi	Náma	Námunr.	Sérstaklega valið efni	Um vinnslu efnisins						Rykbinding*		Kostir/gallar*		Um ástæður góðrar eða slæmrar hegðunar						Almenn reynsla [†]					
				Harpað	Malað	Úttekt sands	Úttekt finefni	Íþiðundun finefni	Íþiðundun grjóts	Rykbindið	Hvernig reynst	Ending rykbindingar	Heldur veí sér raka án	Hætta á þvottabretti	Vifðkvæmt f. Bleytu	Magn finefni	Gerð finefni	Kornadrefing	Hátt brothlutfall	Kornalögun	Sterk steinefni	Mikil finefni	Lítill finefni	Gerð finefni	Mikill sandur
Suðurland	Torfastaðanáma ^A	355-01-01	nei		0/16	nei	nei	nei	nei	já	1	1	3	1	2	x	x	x	x	x	x	x	x	a	a
	TorfastaðanámaA	355-01-01	nei		0/16	nei	nei	nei	nei	já	1	1	3	1	2	x	x	x	x	x	x	x	x	a	a
	Vallarnáma	262-01-03	nei		0/16	nei	nei	nei	nei	já	1	2	3	3	1	x	x	x	x	x	x	x	x	a	a
	Núpstúnsnáma	330-04-09	já		0/16	nei	nei	nei	nei	engar upplýs.	1	1	3	3	1	x	x	x	x	x	x	x	x	a	a
	Austurhlíðarnáma	325-01-06	já		0/16	nei	nei	nei	nei	já	1	2	3	3	1	x	x	x	x	x	x	x	x	a	a
	Hríunesnáma	209-02-10	nei		0/16	nei	nei	nei	nei	engar upplýs.	1	3	1	2	x			x		x	x	x	x	x	a
A Er ekki komin mikil reynsla á endingu en samkvæmt broti ætti efnið að vera í meðallagi																									

*: Mat á rykbindingu: 1 Já/góð 2 Hvorki né/meðal 3 Nei/lítill

†: Almenn reynsla: a Reynst vel b Reynst sæmilega c Reynst illa

Tafla 9: Svör deildarstjóra Vegagerðarinnar á Vesturlandi.

Umdæmi	Náma	Námunr.	Sérstaklega valið efni	Um vinnslu efnisins					Rykbinding*		Kostir/gallar*		Um ástæður góðrar eða slæmrar hegðunar									Almenn reynsla [†]				
				Harpað	Malað	Úttekt sands	Úttekt finefni	Íþiðundun finefni	Íþiðundun grjóts	Rykbindið	Hverning reynst	Ending rykbindingar	Heldur veí sér raka án	Hætta á þvottabretti	Vífkuvaðmt f. Bleytu	Magn finefni	Gerð finefni	Sterk steinefni	Mikil finefni	Lítill finefni	Hátt brothlutfall	Kornalögun	Kornadreifing	Mikill sandur	Lágt brothlutfall	Kornalögun
Vesturland	Krossmelur	552-02-04	nei	0/16						salt	2	3	2	1	2	x		x			x	x	x	x		
	Gullberastaðir ^A	512-01-06	já	0/16			8			nei																
	Múlastaðir	515-01-10	já	0/16						salt	2	3	3	3	2		x	x			x		x			
	Kollslækur	519-01-05	nei	0/16						salt	3	3	1	2	1			x	x	x	x	x	x	x	x	b
	Þorgautsstaðir	523-01-04	nei	0/16			10			salt	2	3	2	3	1			x	x	x	x	x	x	x		b
	Kolviðarholt ^B	533-01-07	nei	0/16						salt/Dustex	3	3	3	3	1		x	x	x	x	x	x	x			b
	Dragagil	550-01-09	nei	0/16			8			salt	2	2	2	2	2		x			x	x	x	x	x	x	b
	Stórugil	552-04-04	nei	0/16			5			nei		3	3	3	2			x	x	x	x	x	x	x		b
	Seleyrar	557-09-06	nei	0/16						engar upplýs.	2	2	3	3	3	x	x	x	x						x	b
	Álftafjörður		já	0/16		já	nei	nei	salt	1	1	3	2	3	x			x		x		x		x	a	
	Húsaneskrið ^C	574-01-07	nei	0/16			15	já		1	1	3	2	2	x	x	x									a
	Bíldhóll	555-02-06	já	0/16						salt	2	2	2	3	2	x	x					x	x			b
	Pálssel	559-02-06	nei	0/16						salt	1	2	3	2	2	x	x	x								a
	Drífandagil ^D	560-08-09	já	0/16				?	já	1	1	3	1	3	x				x	x	x	x	x	x	b	
	Digrimúli	590-07-03	nei	0/16			8			salt	2	3	2	3	1			x	x	x	x	x	x	x		b
	Breiðabólsstaður	590-02-06	nei	0/16						salt	1	1	3	2	2	x	x	x				x	x	x		a
A	Lítill reynsla komin á efnið, aðeins búið að aka nokkrum bílum út af efninu																									
B	Efnið er malað berg, vantar meira finefni																									
C	Vinnsluaðferð. Aka þurfti grjóti í malarann til að efnið gengi í gegn um hann.																									
D	Skrapa þurfti saman grjót á námusvæðinu til að bæta gæðin og til að vinnsla gengi, þar sem finefni festust í brjótnum.																									

*: Mat á rykbindingu: 1 Já/góð 2 Hvorki né/meðal 3 Nei/lítill

†: Almenn reynsla: a Reynst vel b Reynst sæmilega c Reynst illa

Tafla 10: Svör deildarstjóra Vegagerðarinnar á Vestfjörðum.

Umdæmi	Náma	Námunr.	Um vinnslu efnisins						Rykbinding*		Kostir/gallar*		Um ástæður góðrar eða slæmrar hegðunar							Almenn reynsla [†]						
			Sérstaklega valið efni	Harpað	Malað	Úttekt sands	Úttekt finefnis	Íþiðundun finefnis	Íþiðundun grjóts	Rykbindið	Hvernig reynst	Ending rykbindingar	Heldur veí sér raka án	Hætta á þvottabretti	Vífkuvaðmt f. Bleytu	Magn finefnis	Gerð finefnis	Kornadrefing	Hátt brothlutfall	Kornalögun	Sterk steinefni	Mikil finefni	Lítill finefni	Gerð finefnis	Mikill sandur	Lágt brothlutfall
Vestfirðir	Hrafnsskagi ^A	663-05-02	já		0/16				20	Salt-sjór	1 / 2	1	3	2	2				x						a	
	Borgarnes ^B	660-12-03	já		0/16			10	10	Salt-sjór	3	3	2	3	1				x x						b	
	Skápadal	612-01-02			0/19					Salt-sjór	2	3	3	3	2											b
	Seljadalsvatn	660-16-02			0/16					Salt	1	2	3	2	3				x x	x	x				a	
	Grjóteyri í Arnarfirði ^C	660-18-03	nei		0/19					Salt og kalsíum	3	3	1	3	2				x x	x	x				b	
	Brekkudalur	660-19-08	nei		0/19					Salt	1	1	3	1	2	x	x		x		x		x		a	
	Gíslaholt	660-23-05	nei		0/16					Salt	1	1	3	3	2				x		x				a	
	Skeiðá	633-04-02	nei		0/16					Kalsíum eða salt	1	1	3	3	2	x	x	x	x							a
	Borgarháls	668-05-04	nei		0/16					Dustex og salt	2	3	3	3	3						x					b
	Broddadalsá	668-07-03	nei		0/16					Magnesíum klór	1	1	2	3	2	x	x									a
	Hallardalsá ^D	643-04-02	já		0/19					Salt og sjór	2	2	1	3	2					x					b	
	Byrgisvík	643-06-03	nei		0/19					Sjór	1	1	3	3	1	x	x	x	x	x					a	
	Þorskafjarðarheiði	608-02-01	nei		0/19					Nei	1	3	2	1	x	x	x									a
A	Aðfluttu grjóti blandað í við mölun																									
B	Aðfluttu grjóti og finefni blandað í við mölun																									
C	Salt dugar ekki til rykbindingar, heldur skárra með kalsíum klóríð																									
D	Efnistökustaðir í námu valdir sérstaklega m.t.t. Malarslitlagsvinnslu. Að öðru leyti er náman notuð sem styrkingarefnisnáma.																									

*: Mat á rykbindingu: 1 Já/góð 2 Hvorki né/meðal 3 Nei/litil

†: Almenn reynsla: a Reynst vel b Reynst sәmilega c Reynst illa

Tafla 11: Svör deildarstjóra Vegagerðarinnar á Norðurlandi vestra.

Umdæmi	Náma	Námunr.	Sérstaklega valið efni	Um vinnslu efnisins						Rykbinding*	Kostir/gallar*	Um ástæður góðrar eða slæmrar hegðunar						Almenn reynsla ⁺											
				Harpað	Malað	Úttekt sands	Úttekt finefnis	Íþlöndun finefnis	Íþlöndun grjóts			Hverning reynst	Ending rykbindingar	Heldur veið raka án	Hætta á þvottabretti	Vifðkvæmt f. Bleytu	Magn finefnis	Gerð finefnis	Sterk steiniefni	Mikil finefni	Lítill finefni	Gerð finefnis	Mikill sandur	Lágt brothlutfall	Kornalögun	Kornadrefing	Mikill sandur	Lágt brothlutfall	Kornalögun
Norðurland vestra	Steinholtsnáma ^A	724-01-05	nei		0/16	nei	nei	nei	nei	Salt	2	3	2	2	1			x		x				b					
	Kerhólsnáma ^B	715-01-01	nei		0/16	nei	nei	nei	nei	Nei		1	3	2	3	x	x	x	x					x	a				
	Hörgshólsnáma II ^C	711-07-07	nei	nei	0/16	nei	nei	nei	nei	Nei		3	1	2	3				x		x		x		c				
	Laxárnama ^D	774-01-10	nei	nei	0/16	nei	nei	já	nei	Nei		3	2	2	1	x		x		x		x		x		b			
	Kúfustaðanáma ^E	734-01-02	nei		0/19	nei	nei	nei	nei	Nei		3	2		3		x		x		x		x		b				
	Hraunáma	776-09-01	nei		0/16	nei	nei	nei	nei	Salt/Dustex	1	1	3	2	1	x	x	x	x					x	a				
	Tjarnarnáma	776-07-03	nei		0/16	nei	nei	28	nei	Salt	2	2	2	3	2	x		x		x		x		x		b			
	Reynistaðanáma	762-01-02	nei	nei	0/20	nei	nei	já	nei	Salt	2	2	2	3	2	x							x	x	x		b		
	Hverhólanáma ^F	725-03-06	nei		0/16	nei	nei	nei	nei	Salt	2	3	2	3	2	x							x				b		
	Gránumóar ^G	745-09-03	nei		0/16	nei	nei	25	nei	Salt/Dustex	1	3	2	3	1	x	x	x								a			
A	Gerð tilraun með íþlöndun á salti											Efnið er rokgjarnt og þarf mikla rykbindingu. Vantar feitari leir, helst rauðleitan.																	
B	Efnið leggst mjög vel eftir heflun sé raki hæfilegur. Þarf ekki nema eina eða tvær heflanir á ári á tengivegum með 100 bíla sdu.											Steinefnið er lélegt og brotnar með tímanum og eykst þá finefnið. Á árinu 1973 var farið að nota malarslitlag úr Kerhólsnámu á Hringvegginn. Ekki að hefla nema á 4 vikna fresti veginn sem heflaður var einu sinni í viku fram að því. Endingin var alveg einstök.																	
C	Efnið er mjög rokgjarnt og virðist halda mjög illa í sér raka.											Vantar einkum betra finefni (feitara) rauðleitt?																	
D	Hefur einkum verið notað á mjög umferðarlítla vegi, t.d. Safnvegi.											Vantar einkum betri (feitara) leir.																	
E	Hefur einungis verið notað á umferðarlítinn veg Svartárdalsveg 734-02 og reynst særilega við þær aðstæður											Vantar betra finefni (feitara) rauðt ?																	
F	Gerð var tilraun með íþlöndun á salti í vinnslunni																												
G	Gerð tilraun með saltíþlöndun																												

*: Mat á rykbindingu: 1 Já/góð 2 Hvorki né/meðal 3 Nei/lítill

†: Almenn reynsla: a Reynst vel b Reynst særilega c Reynst illa

Tafla 12: Svör deildarstjóra Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra.

Umdæmi	Náma	Námunr.	Sérstaklega valið efni	Um vinnslu efnisins					Rykbinding*	Kostir/gallar*	Um ástæður góðrar eða slæmrar hegðunar							Almenn reynsla [†]								
				Harpað	Malað	Úttekt sands	Úttekt finefni	Iþlöndun finefni			Hvernig reynst	Ending rykbindingar	Heldur veí sér raka án	Hætta á þvottabretti	Vifðkvæmt f. Bleytu	Magn finefni	Gerð finefni	Kornadrefing	Hátt brothlutfall	Kornalögun	Sterk steinefni	Mikil finefni	Lítill finefni	Gerð finefni	Mikill sandur	Lágt brothlutfall
Norðurland eystra	Dæli, Skíðadal	807-02-01	nei		0/20	nei	nei	Nei	10-20	salt	1	1	3	2	1	x			x			x	a			
	Gullbrekka, Eyjafjarðarsveit	82-06-02	nei		0/20	nei	nei	nei	nei	salt	1	1	3	3	1	x	x	x					a			
	Víkurhólar, Grýtubakkahr.	883-02-02	nei		0/20	nei	nei	nei	nei	nei	1	1	3	3	1	x	x	x					a			
	Arnstapi, Ljósavatnsskarði	801-15-08	nei		0/20	Nei	10-30	nei	10-20	salt	1	1	3	1	2				x			x	x			
	Saltvík, Bárðardal	844-02-08	nei		0/20	nei	nei	nei	nei	salt	2	2	3	2	2				x	x	x	x	x			
	Hjá Mýri í Bárðardal	842-04-06	nei		0/20	nei	já	nei	20-30	salt	2	2	3	1	2				x	x	x	x	x			
	Fjöll, Kelduhverfi	885-09-08	nei		0/20	nei	nei	nei	nei	salt	1	1	3	3	1	x	x	x	x					a		
	Magnavíkurás, Öxarfirði	885-14-04	nei		0/20	já	nei	nei	5	salt	2	2	2	1	3				x	x	x	x	x			
	Rif, Melrakkasléttu	885-18-08	nei		0/20	nei	nei	nei	10	salt	1	1	3	3	1	x			x	x		x			a	
	Víðines á Hálsum í Þistilfirði	885-23-09	nei		0/20	nei	nei	nei	nei	salt	1	1	3	3	2	x	x	x	x					a		
	Norðmelsmelar, Hólasandi	864-02-02	nei		0/20	nei	nei	nei	nei	salt	3	2	2	3	3				x	x	x	x	x			
	Hóll, Ólafsfirði	882-09-00	nei		0/20	nei	nei	nei	10	salt	1	1	3	3	1	x						x				
	Langavatn við Kísilveg	887-04-01	nei		0/20	nei	nei	nei	nei	salt	2	1	3	2	2				x	x	x	x	x			
	Grefilsgil, Dalsmynni	835-02-07	nei		0/20	nei	nei	nei	nei	nei	1	1	3	3	1	x	x	x						a		

*: Mat á rykbindingu: 1 Já/góð 2 Hvorki né/meðal 3 Nei/lítil

†: Almenn reynsla: a Reynst vel b Reynst sæmilega c Reynst illa

Tafla 13: Svör deildarstjóra Vegagerðarinnar á Austurlandi.

Umdæmi	Náma	Námunr.	Um vinnslu efnisins						Rykbinding*		Kostir/gallar*		Um ástæður góðrar eða slæmrar hegðunar						Almenn reynsla ^t								
			Sérstaklega valið efni	Harpað	Malað	Úttekt sands	Úttekt finefnis	Íblöndun finefnis	Íblöndun grjóts	Rykbindið	Hvernig reynst	Ending rykbindingar	Heldur vel í sér raka án	Hætta á þovtabretti	Viðkvæmt f. Bleytu	Magn finefnis	Gerð finefnis	Kornadrefing	Hátt brothlutfall	Kornalögun	Sterk steinefni	Mikil finefni	Lítill finefni	Gerð finefnis	Mikill sandur	Lágt brothlutfall	Kornalögun
Austurland	Búðarhóll	901-03-03	nei	32		nei	nei	nei	nei	nei		3	3	2	3	2							b				
	Framland	901-03-02	nei	32		nei	nei	nei	nei	nei	salt	1	1	3	1	2		x	x	x	x	x	b				
	Bjallkolludalur	901-05-03	já		19					salt	1	1	3	1	1		x			x		x	b				
	Haugahólar/Vatnsdalsá	901-17-02	nei		19	nei	nei	nei	nei	salt	2	2	2	3	3		x	x	x	x	x	x	b				
	Kirkjubæjarnáma ^A	925-02-01	já		19	35	nei	20	nei	salt	2	2	2	3	2								b				
	Krakalækur	925-03-02	nei	32		nei	nei	nei	nei	nei				1	3	2							c				
	Melur norðan Rangár ^B	925-04-01	nei		19	nei	nei	nei	nei	salt	1	1	3	2	1								a				
	Grímsáreyrum	931-09-04	nei		14	nei	nei	nei	nei	nei		3	3	1	3	2							c				
	Háubakkar	951-02-03	nei		16	nei	nei	nei	nei	nei			1	2	1	2							b				
	Arnórsstaðahvammur	923-01-01	nei		16	nei	nei	nei	nei	salt	1	2	2	2	2								a				
	Búðará	923-02-05	nei		16	nei	nei	nei	nei	nei		3	3	1	3	2							b				
	Sandskeið / utan við þverá	923-03-04	já		16	nei	nei	nei	nei	nei			3	1	3	3							b				
	Bauluhvammur	901-25-01	nei		16	nei	nei	nei	nei	nei	salt	1	1	3	2	1	x	x	x	x	x	x	a				
	Hellisheiði að austan	9-17-04	nei		16	nei	nei	nei	nei	nei				3	1	2	x						x	b			
	Dalland við Dalsá ^C	917-05-02	já		16	nei	nei	nei	nei	10	nei			2	3	1	x	x				x	a				
	Bustarfell/Fossurð ^D	985-12-01	nei		16	nei	nei	nei	nei	salt	1	3	3	2	2	x	x						a				
	Miðfjarðarnáma ^E	985-33-01			16	nei	nei	20	nei	salt	2			2									b				
	Saurbæjarnáma ^F	985-02-01	já		15	nei	nei	20	nei	salt	1			1	x	x						x	a				
	Sunnan Fjarðarár, Mjófafirði ^G		nei	16		nei	nei			nei		2	2	2	3	2							b				
	Melur/Hrafna v/Helgustaðaveg ^H		já		16		x			salt		1	3	1	3			x	x				b				
	Höskuldsstaðasel í Breiðdal ^I		nei	32	16					salt		3	3	2	3	2							b				

A Ekið í og blandað ca. 20% leir.
 B Ath., efnið er búið í þessari námu.
 C Ekið var grjóti úr Dalsá vegna of mikils leirefnis í námunni. Er bleytt og þjappað með heflun.
 D Er ekki viðkvæmt í rigningu ef þjappað er með heflun.
 E Ekið var leirefni til íblöndunar en ekki nógu magni.

F Leirefni ekið og blandað við mölun.
 G Efnið virðist vera með frekar litla bindingu.
 H Nánast engin reynsla komin á efnið sem er mjög leirkennt.
 I Bindingur frekar lítill og hætta á að það losni upp.

*: Mat á rykbindingu:

1 Já/góð

2 Hvorki né/meðal


3 Nei/lítill

t: Almenn reynsla:

a Reynst vel

b Reynst sæmilega

c Reynst illa



Mynd 10: Yfirlitsmynd sem sýnir þær námar sem svör deildarstjóra Vegagerðarinnar náðu til sem og mat þeirra á reynslu af efninu. Rétt er að undirstrika að mat á reynslu af efninu var ekki staðlað.

5. Tilraunir með íblöndun fínefna

Meðhöndlun fínefna, hvort sem um ræðir úttekt eða íblöndun, er mikilvægur þáttur í vinnslu á malarslitlagsefni, sbr. umfjöllun í kafla 2. Hérlandis er það einkum skortur á rakaheldum fínefnum, t.d. feitum leir, sem einkennir efnisvinnsluna og dregur úr efnisgæðum. Á fundum verkefnisstjórnar var rætt um ýmsar leiðir til að bæta fínefni í grófara efni á ýmsum stigum vinnslunnar:

- Hugsanlega væri hægt að blanda fínefni í grófara efni, t.d. sem slurry, með snigli eða á færibandi með tætara.
- Nota matarabúnað fyrir fínefni, n.k. tætara.
- Sagt var frá hitunarþúnaði sem hægt væri að nota til minnka líkur á því að fínefni festist í brjótum.
- Ein leið er sú að blanda fínefni í malarefnið við haugsetningu. Efnið yrði þá haugsett í lögum þar sem grófari lög skiptast á við finni lög. Síðan þyrfti að blanda þessu eitthvað saman, í sumum tilfellum gæti dugað að færa allt efnið í haugnum til einu sinni eða tvísvar en við það blandast efnið saman og enn frekar þegar efninu er mokað á bíl og að endingu við útlögn.
- Til eru svokallaðir steinbrjótar. Það eru tæki sem eru fest aftan í dráttarvélar og brjóta efni um leið og keyrt áfram. Tækin skila því svo aftur úr sér.
- Það er reynsla þeirra sem til þekkja að nokkrir framleiðendur steinefna sem notuð eru í malbik hafi náð góðum tökum á efnisframleiðslunni sem lýsir sér m.a. í því að vandamál með kornakúrfur eru nánast óþekkt. Því var velt upp hvort ástæðan gæti hugsanlega að einhverju leyti legið í því að malbiksefnið má vera dýrara, menn eru frekar tilbúnir að kaupa dýrt hráefni í malbik en í malarslitlöög.

5.1 Tilraun á rannsóknarstofu

Akveðið var að gera einfalda tilraun á rannsóknarstofu með íblöndun á feitum leir í malarslitlagsefni. Markmiðið var að athuga hvort þetta væri hægt. Ákvörðuð var kornadreifing efnanna sem og LS-stuðull fínefnishlutans. Ekki var talin ástæða til að mæla flæði- og þjálmimörk. Allar mælingar voru gerðar á NMÍ (þá Rb).

Valið var efni frá Dogramúla við Tjaldanes og fínefni til íblöndunar frá Gilsfirði og ákveðið að prófa blöndur með 9% og 12%. Einnig voru mældir eiginleikar efnis úr Knarrarnesfjöru. Sýni voru tekin í september 2005 og prófanir gerðar í framhaldi af því. Kornadreifingu efnanna frá þessum þremur stöðum má sjá á myndum 11 til 13 og niðurstöður LS stuðuls eru í töflu 14. Ítarlegri niðurstöður eru í viðauka D.

Til að ná 9% fínefnisinnihaldi var blandað saman 4% af fínefni og 96% af malarefni, að teknu tilliti til fínefnisinnihalds malarefnisins. Þessi blanda uppfyllir kröfur vefrits Vegagerðarinnar um kornakúrfu. Hlutfall efnis $< 0,002$ mm miðað við efni sem er $< 0,063$ mm er 14,9%. Blandan uppfyllir einnig kröfur vefritsins um rýrnunarstuðul, LS mældist 3,7 óháð meðalársúrkому en kröfurnar eru 2-7% fyrir meðalársúrkому > 1000 mm. Blandan lendir jafnframt í reitnum „ravels and corrugates“ á mynd 5 úr Suður afrískum leiðbeiningum fyrir malarslitlöög. Blandan er með LS stuðul 3,7 og hlutfall efnis sem er $< 0,002$ mm miðað við efni sem er $< 0,063$ mm er 15,6%. Sé tekið mið af norskum kröfum er LS

stuðullinn innan viðmiðunarmarka á svæðum þar sem ársúrkoma er innan við 1000 mm. Einnig er leirhlutfallið innan þeirra viðmiðunarmarka sem gerðar eru í Noregi (sjá 3.3).


Til að ná 12% fínefnisinnihaldi var blandað saman 9% af fínefni og 91% af malarefni, að teknu tilliti til fínefnisinnihalds malarefnisins. Þessi blanda uppfyllir kröfur vefrits Vegagerðarinnar um kornakúrfu. Hlutfall efnis < 0,002 mm miðað við efni sem er < 0,063 mm er 15,4 %. Blandan uppfyllir einnig kröfur vefritsins um rýrnunarstuðul, LS mældist 5,2 óháð meðalársúrkому en kröfurnar eru 2-7% fyrir meðalársúrkому > 1000 mm. Blanda lendir jafnframt í reitnum „good“ á mynd 5 úr Suður afrískum leiðbeiningum fyrir malarslitlög. Blandan er með LS stuðul 5,2 og hlutfall efnis sem er < 0,002 mm miðað við efni sem er < 0,063 mm er 16,7%. Samkvæmt norskum kröfum er LS stuðullinn yfir viðmiðunum en leirhlutfallið er innan þeirra viðmiðunarmarka sem gerðar eru í Noregi (sjá einnig kafla 3.3).

Tafla 14: Niðurstöður mælinga á LS-stuðli sýna sem notuð voru í tilraunablöndur á rannsóknarstofu.


	Votsigtað	Ljörvi		LS stuðull ^{A, B}	
		Þurr-mæling	Vot-mæling	LS	Raki %
Sýni 1	Blanda með 9% reiknuðu fínefni af heild			3,7	27,2
Sýni 2	Blanda með 12% reiknuðu fínefni af heild			5,2	28,7
	Skering í Gilsfirði	X		X	11,8
	Digrimúli við Tjaldanes	X		X	3,3
	Knarrarnesfjara	X		X	6,3
					54,7

A: Meðaltal tveggja mælinga


B: Blöndur með 9% og 12% reiknuðu fínefni af heild.



Mynd 11: Kornadreifing þriggja sýna sem notuð voru í tilraunablöndur á rannsóknarstofu. Tvö þeirra, skering í Gilsfirði og Digrimúli við Tjaldanes, voru notuð í tilraunablöndur á rannsóknarstofu en það þriðja, Knarrarnesfjara, var ekki notað.



Mynd 12: Kornadreifing tilraunablöndu með 9% fínefnisinnihaldi. Hér var blandað saman 4% af fínefni úr skeringu í Gilsfirði og 96% úr Digrumúla við Tjaldanes.



Mynd 13: Kornadreifing tilraunablöndu með 12% fínefnisinnihaldi. Hér var blandað saman 9% af fínefni úr skeringu í Gilsfirði og 91% úr Digrumúla við Tjaldanes.

5.2 Tilraun í vegi

Í október 2006 var gerð tilraun í vegi með íblöndun fínefnis í malarslitlagsefni við Dælisá í Kjós. Verktaki var Tak-Malbik, Borgarnesi. Malarefnið var uppdælt af staðnum úr Dælisá og fínefnið var sótt að Hálsenda í Kjós. Notað var óhefðbundið verklag, óalgengt er að malarefnið sé forbrotið sem og íblöndun fínefnis í malarefnið og uppsætning tækjabúnaðar. Efnið var unnið á eftirfarandi hátt:

- Í fyrri hluta efnisvinnslunnar var malarefnið brotið og svo var fínefni blandað saman við það:
 - Uppmokað malarefni úr Dælisá var forbrotið í kjálkabréjrót, haugsett og jafnað að ofan.

- Lagi af fínefni var því næst smurt ofan á haug af forbrotnu malarefni og því blandað saman við með gröfu, sjá mynd 14.
- Í seinni hluta efnisvinnslunnar var blandað efni harpað og brotið enn frekar þannig að allt efnið væri fínna en 18-20 mm:
 - Forblönduð efni var skipt á hörpu með 18 mm neti; grófara efnið var brotið í kónbrjót en það efni sem var fínna en 18 mm fór beint í haug með fullunnu efni.
 - Efni sem var stærra en 18 mm var beint endurtekið í gegn um kónbrjótinn þar til það var af réttri stærð.
 - Fullunnið efnið var skilgreint sem 0/16 mm efni með hámark 10% efnis (eða þar um bil) af stærðinni 16/22 mm.

Að sögn starfsmanna á staðnum festist talsvert efni í eftirbrjótnum við vinnsluna en ekki umtalsvert í hörpunni þó eitthvað festist líka þar.


Vinnslusvæðið var heimsótt föstudaginn 6. október 2006 og sýni tekin. Á mynd 15 er flæðirit sem lýsir vinnsluferli Taks vegna þessa verkefnis og á mynd 16 er ljósmynd af samstæðunni. Á mynd 17 er skematísk mynd af síðari hluta vinnslunnar.

Rétt er að ítreka að þetta verklag er aðeins dæmi um leiðir sem hægt er að fara við íblöndun fínefnis í malarefni.

Niðurstöður sýna að þessi blanda uppfyllir kröfur vefrits Vegagerðarinnar um kornakúrfu, hlutfall leirs (mældist 12% af fínefnishlutanum) og LS-stuðul en aðrar mælingar voru ekki gerðar², sjá nánar töflu 15 og mynd 18.




Mynd 14: Myndin er tekin við forblöndun þegar finefni var blandað saman við forbrotið malarslitlagsefni. Á myndinni sést finefnislag ofan á malarefninu og hvernig skófla gröfunnar var notuð til að smyrja því niður og síðan blandað saman við malarefnið. Malarefnið var uppdælt og brotið af staðnum úr Dælisá og finefnið var sótt að Hálsenda í Kjós.



Mynd 15: Flæðirit sem sýnir vinnsluferli Taks við íblöndun finefnis í malarslitlagsefni. Rauðir hringir vísa til sýnatökustaða, númerin vísa til sýnanúmers. Undirstærðir fóru ekki í gegn um eftirbrjótinn en yfirstærðum var beint aftur í brjótinn.



Mynd 16: Ljósmynd af brjótasamstæðunni sem notuð var við seinni hluta efnisvinnslunnar við Dælisá. Í þennan hluta fór efnið sem búið var að forbrjóta og blanda fínefni saman við. Efnið var flokkað í yfirstærðir (> 18 mm) og undirstærðir (< 18 mm). Yfirstærðir voru brotnar og sameinuðust síðann undirstærðum. Fyrri hluti efnisvinnslunnar er ekki sýndur hér. Á mynd 15 er flæðirit sem sýnir alla vinnsluna og á mynd 17 er skematísk mynd af þessum seinni hluta efnisvinnslunnar.



Mynd 17: Skematísk mynd af brjótasamstæðunni sem notuð var við seinni hluta efnisvinnslunnar við Dælisá.

Sýni voru tekin á fjórum stöðum:


- Sýni 1: Fullunnið efni
- Sýni 2: Forbrotið og forblandað efni (eftir íblöndun fínefnis)
- Sýni 3: Forbrotið efni (fyrir íblöndun fínefnis)
- Sýni 4: Fínefni

Ákvörðuð var kornadreifing allra sýnanna sem og LS-stuðull á fínefninu. Allar mælingar voru gerðar á NMÍ (þá Rb). Samantekt niðurstaðna má sjá í töflu 15 og á mynd 18. Ítarlegar niðurstöður eru í viðauka D.

Tafla 15: Yfirlit yfir sýni sem tekin voru við Dælisá í Kjós og niðurstöður mælinga á LS-stuðli.

		Votsigtað	Ljörvi		LS stuðull ^A	
			Þurr-mæling	Vot-mæling	LS	Raki %
Sýni 1	Fullunnið efni	X	X		7,0	36,9
Sýni 2	Forbrotið og forblandað efni (eftir íblöndun fínefnis)	X	X		8,8	42,8
Sýni 3	(fyrir íblöndun fínefnis)	X	X		7,1	42,1
Sýni 4	Fínefni	X		X	12,7	56,6

A: Meðaltal tveggja mælinga.



Mynd 18: Niðurstöður kornadreifingar allra sýna sem tekin voru við Dælisá í Kjós. Sýni 1 er af fullunnu efni, sýni 2 er af forbrotnu og forblönduðu efni (eftir íblöndun fínefnis, sbr. mynd 14), sýni 3 er af malarefninu eftir að það hefur verið forbrotið efni en fyrir íblöndun fínefnis og sýni 4 er af fínefni áður en því var blandað saman möolina. Sjá líka sýnatökustaðina á mynd 15.

5.3 Sjónarhorn framleiðandans

Til viðbótar því sem þegar hefur verið greint frá, þ.e. tilraunablöndum á rannsóknarstofu og tilraunablöndun í vegin, var rætt við Kristján Rúnar hjá Tak ehf. þann 8. janúar 2007.

Í máli Kristjáns kom fram að það sem skiptir höfuðmáli eru gæði grunnefnisins, það þarf að vera sterkt og gott. Samkvæmt reynslu Taks er best að blanda fínefni í malarefni sem er alveg brotið (100% brothlutfall). Einnig kom fram að mjög erfitt er að blanda feitu fínefni saman við sandríkt efni.

Annað atriði sem hefur áhrif á vinnsluna er veðurfar meðan á vinnslu stendur en afköst geta minnkað um allt að 20-30% ef unnið er í vætutíð. Það er umtalsvert, sérstaklega í ljósi þess að afköst eru allt að 50% minni við íblöndun fínefna miða við vinnslu án íblöndunar.

Eftirfarandi hefur valdið mestum erfiðleikum við íblöndun fínefna:

- Við formötun:
 - Hristimatarar valda miklum erfiðleikum.
 - Beltamatarar eru mun betri. Tak lét smíða einn slíkan fyrir sig sem hefur reynst vel (þ.e. eftir að hann komst í gagnið, tók tvö ár að fá hann til að virka).
- Við hörpun.
- Yfirleitt ekki eins erfitt að eiga við brjótana sjálfa.

Af ofangreindu má ráða að dýrara er að vinna malarslitlagsefni þegar beitt er íblöndun fínefna. Það er að öllu jöfnu ekki tilgreint sérstaklega í tilboðum þegar malarslitlagsefni er unnið á þennan hátt.

Kristján Rúnar sá fyrir sér að best væri að koma fyrir tætara / matara sem skammtaði fínefnið inn í grunnefnið að loknu broti þ.a. fínefnið færi aldrei í brjótana. Hann telur að slíkur búnaður sé til, hann hefur bara ekki fundið hann enn.

6. Kostnaðarrekningar

Fínefni sem hefur þá eiginleika sem leitað er að í malarslitlög þyrfti víðast hvar að flytja að. Reiknaður var út kostnaður við slíkan flutning. Reiknað var fyrir lokablöndur með 8% fínefnisinnihaldi, 10% og 15% fínefnisinnihaldi. Í öllum dæmunum var hagstæðara að flytja leir til íblöndunar í grófara malarefni í samanburði við þann kostnað sem til fellur vegna klæðningar, að gefnum forsendum.

Miðað var við að notuð væri möl með 5–8% fínefnisinnihald á móti leir með 35%-70% fínefnisinnihald. Mölin væri unnin á staðnum en leirinn væri aðfluttur. Lokaafurðinni var skipt í þrjá flokka 8% fínefnisinnihald, 10% og 15%. Til að lýsa hvernig blanda skulu leirnum og mölinni er notast við eftirfarandi formúlu:

$$m_{möl} = \frac{m_{alls} \cdot P_{alls} - m_{alls} \cdot P_{leir}}{P_{möl} - P_{leir}} \quad (1)$$

Þar sem m_{alls} er óskgildi framleidda malarslitlagsins, P_{alls} er hlutfall fínefnis í framleidda malarslitlaginu, P_{leir} er hlutfall fínefnis í leir og $P_{möl}$ er hlutfall fínefnis í möl.

Á eftirfarandi töflu má sjá hversu mikið magn af möl þarf að nota á móti leirnum, við framleiðslu á einni massaeiningu (3100 tonn/km) af malarslitlagi með misumunandi hlutfalli af fínefni.

Tafla 16: Yfirlit yfir magn malar og leirs, þ.e. hversu mikinn leir þyrfti á móti möl til að framleiða eina massaeiningu af malarslitlagi.

Fínefnisinnihald	m_2 (leir) [tonn]	m_1 (möl) [tonn]	$m_1 + m_2$ [tonn]	P_2	Íblöndun leirs
5% í möl, 35% í leir	310,0	2.790,0	3.100,0	10,0%	8%
5% í möl, 70% í leir	143,1	2.956,9	3.100,0	4,6%	8%
8% í möl, 35% í leir	0,0	3.100,0	3.100,0	0,0%	8%
8% í möl, 70% í leir	0,0	3.100,0	3.100,0	0,0%	8%
5% í möl, 35% í leir	516,7	2.583,3	3.100,0	16,7%	10%
5% í möl, 70% í leir	238,5	2.861,5	3.100,0	7,7%	10%
8% í möl, 35% í leir	229,6	2.870,4	3.100,0	7,4%	10%
8% í möl, 70% í leir	100,0	3.000,0	3.100,0	3,2%	10%
5% í möl, 35% í leir	1.033,3	2.066,7	3.100,0	33,3%	15%
5% í möl, 70% í leir	476,9	2.623,1	3.100,0	15,4%	15%
8% í möl, 35% í leir	803,7	2.296,3	3.100,0	25,9%	15%
8% í möl, 70% í leir	350,0	2.750,0	3.100,0	11,3%	15%

Reikniforsendur

Miðað er við 25 ára líftíma og umferð < 100 bílar/dag. Öll einingarverð taka mið af líftíma. Öll verð taka mið af vísitölu í desember 2006.

Klæðningarkostnaður við 6 m breiðan veg (slitlag 5,5 m á breidd) er um 2080 kr/m² (6,5 milljón kr/km), fyrsta yfirlögn er eftir 8 ár og síðan á fimm ára fresti.

Í malarslitlagi er miðað við að eðlismassinn sé um $\rho = 2000 \text{ kg/m}^3$, það er lagt út í 7 cm þykkt í upphafi og bætt er við efni í veginn á nokkurra ára fresti, malarslitlagið er 5 m á breidd. Miðað er við 1 cm í viðbót á hverju ári. Í einn kílómetra þarf því um 3100 tonn/km. Heflað er á fjögurra ára fresti, kostnaður við heflun er 252,52 kr/m². Kostnaður við mölun er um 400 kr/tonn, malarnámur eru víða og kostnaði við hvert flutt tonn má lýsa með eftirfarandi formúlu:

$$C = 24,376 \cdot S_{flutt} + 45,366 \quad (2)$$

þar sem C er kostnaður við hvert flutt tonn og S_{flutt} er flutningsvegalengd.


Lagningu malarslitlags má lýsa með eftirfarandi formúlu:

$$C = S_{möl} \cdot m_2 \cdot C_{möl} + S_{möl} \cdot C_{heflun} + m_{möl} \cdot S_{möl} \cdot (24,376 \cdot S_{flutt} + 45,366) \quad (3)$$


Þar sem C er heildarkostnaður, $S_{möl}$ er lengd malarslitlagsins, m_2 er massi malarinnar fyrir íblöndun, C_{heflun} er kostnaður við heflun, S_{flutt} er flutningsvegalengd malarinnar fyrir íblöndun.

Niðurstöður kostnaðarrekninga eru sýndar á myndum 19 til 22 en línuritin á myndunum lýsa því hvernig kostnaður breytist m.t.t. flutningsvegalengdar leirs. Kostnaður við klæðningu er sýndur sem fasti til samanburðar.


Núllpunktgreining er gefin upp tölulega þó í mörgum tilfellum sé núllpunkturinn langt umfram þá vegalengd sem leirinn væri fluttur, sjá töflu og línurit á mynd 23.




Mynd 19: Dæmi 1. Kostnaður vegna flutnings á leir miðað við að fínefnisinnihald leirs væri 35% og malar 5%. Núllpunktgreining: Við 8%: 675 km, við 10%: 398 km og við 15%: 190 km.



Mynd 20: Dæmi 2. Kostnaður vegna flutnings á leir miðað við að fínefnisinnihald leirs væri 70% og malar 5%. Núllpunktgreining: Við 8%: 1483 km, við 10%: 883 km og við 15%: 432 km.




Mynd 21: Dæmi 3. Kostnaður vegna flutnings á leir miðað við að fínefnisinnihald leirs væri 35% og malar 8%. Núllpunktgreining: Við 8%: Á ekki við, við 10%: 917 km og við 15%: 249 km.



Mynd 22: Dæmi 4. Kostnaður vegna flutnings á leir miðað við að fínefnisinnihald leirs væri 70% og malar 8%. Núllpunktgreining: Við 8%: Á ekki við, við 10%: 2130 km og við 15%: 596 km.

Mynd 23: Niðurstöður núllpunktgreiningar, þ.e. hversu langa vegalengd hægt er að flytja leir til íblöndunar í malarslitlagsefni áður en kostnaður verður umfram kostnað við klæðningu. Miðað er við þær forsendur sem gefnar eru í texta.

Fínefnishlutfall lokablöndu →				Fínefnishlutfall í:	
	8%	10%	15%	Möl	Leir
Dæmi 1	675 km	398 km	190 km	5%	35%
Dæmi 2	1483 km	883 km	432 km	5%	70%
Dæmi 3	Á ekki við	917 km	249 km	8%	35%
Dæmi 4	Á ekki við	2130 km	596 km	8%	70%



Með hliðsjón af forsendum þessara fjögurra dæma er niðurstaðan sú að hagstæðara er að flytja leir til íblöndunar í grófara malarefnni í samanburði við þann kostnað sem til fellur vegna klæðningar, flutningsvegalengd er allt frá 190 km og upp í rúma 2000 km. Niðurstöðurnar benda til þess að tiltölulega lágt fínefnishlutfall (8-10% í lokablöndu) réttlæti lengri flutningsleið en tiltölulega hátt fínefnishlutfall. Miðað er við 25 ára líftíma og umferð < 100 bílar/dag. Í malarslitlagi er miðað við að það sé lagt út í 7 cm þykkt í upphafi og bætt við efni í veginn á nokkurra ára fresti. Malarslitlagið er 5 m á breidd og árleg viðbót er 1 cm á hverju ári. Klæðningarkostnaður miðast við 6 m breiðan veg (slitlag 5,5 m á breidd), fyrsta yfirlögn er eftir 8 ár og síðan á fimm ára fresti. Öll einingaverð taka mið af líftíma og taka mið af vísitölu í desember 2006.

7. Samantekt

- Malarvegir eru tiltölulega ódýrir og einfaldir í útlögn. Þeir eiginleikar efnisins sem mestu máli skipta eru kornadreifing, kornalögur, fínefnahlutfall og hlutfall leirs. Hafa má áhrif á þessu eiginleika með réttri vinnsluaðferð og vönduðu efnisvali. Síðan þarf að gæta þess að vandað sé til verks við veghönnun, útlögn og viðhald.
- Niðurstöður íslenskrar rannsóknar frá 1975 sýndu að ákvörðun á kornastærðum væri heppilegasta aðferðin til að meta gæði malarslitlaga með einföldum profunum, að því gefnu að umferð væri 200-300 bílar á dag.
- Á grundvelli prófana í tengslum við athugun á sambandi endingar í vegi og gæðum fjögurra malarslitlagsefna var sett fram tillaga um samband endingar ofaníburðar og Bg stuðuls en þær tillögur rötuðu aldrei í verklýsingar.
- Í íslenskum hluta norrænnar rannsóknar frá árunum 1977-1982 var sagt stuttlega frá reynslu af malarslitlögum sem gerð voru úr framhlaupi í fjöllum þar sem leirlog eru áberandi. Slík malarslitlög voru viðkvæm fyrir verklagi við útlögn en þar sem þau náðu að setjast þurftu þau lítið viðhald, héldu vel í sér raka og misstu ekki burðarþol þrátt fyrir langvarandi úrkomu. Í sömu rannsókn kom fram að samræmi á milli mats á slitlagi og sáldursferils var alls ekki marktækt. Það misræmi mátti að einhverju leyti skýra með því að það var ekki sami einstaklingur sem mat slitlögin.
- Átta tilraunakaflar voru lagðir árið 1994, fjórir úr möluðu bögglabergi og fjórir úr áreyrarefnini. Lausamöl og steinkast reyndist meira í áreyrarefninu en í bögglaberginu en holar voru fleiri, stærri og dýpri og brúnir þeirra hvassari í bögglabergsefninu.
- Tilraunir með rykbindingu sumrin 1976 og 1993 sýndu að það eru einkum magn og gæði fínefnisins sem virðist hafa úrslitaáhrif á rykbindingu. Sömu tilraunir sýndu að Dustex virðist vera hægt að nota í mjög fínefnaríku og leirkenndu malarslitlagi en það sama átti ekki við um malarslitlög með siltkenndu fínefni. Tilraunirnar sýndu jafnframt að ýmislegt virðist benda til að aðalkostur kalsíumsklóríðs sem rykbindiefni sé hæfileiki þess til að harðna í slitlaginu og mynda, ásamt fínefnunum, slitsterka skel í yfirborði slitlagsins og vernda þannig slitlagið og um leið halda raka í veginum. Það er reynsla þjónustustjóra Vegagerðarinnar á Vesturlandi, að rykbindiefni hafa bætandi áhrif á gæði malarslitlaga og lengja líftíma þeirra.
- Ein af niðurstöðum rannsóknarverkefnis um fínefni er að þungahlutfall efnis sem er smærra en 0,075 mm virðist hafa umtalsverð áhrif á gæði og endingu íslenskra malarslitлага. Þessar niðurstöður eru samhljóma erlendum rannsóknum sem gefa vísbindingar um að samhengi sé á milli leirinnihalds og þjálfi annars vegar og endingar slitlags hins vegar. Þetta getur t.d. lýst sér á þann hátt að með leirinnihaldi í kring um 5-20% og aukinni þjálfi upp að 12 eða þar um bil aukist gæði og ending malarslitlags. Hæfilegt leirinnihald og þjálnimörk tekur hins vegar mið af veðurfari.
- Í nýlegu vefriti Vegagerðarinnar eru gerðar kröfur um kornadreifingu, fínefnisinnihald og leirhlutfall, rýrnunarstuðul, berggreiningu, styrkleikapróf, brothlutfall og kornalögur.
- Erlendis er víða mælt með vandaðri veghönnun og framkvæmd við útlögn ásamt virku framkvæmdaeftirliti samhlíða því að vandað sé til viðhalds. Þetta sé áhrifaríkasta leiðin til tryggja endingargott malarslitlag.
- Víða var leitað fanga til að afla upplýsinga um reynslu / verklag vegna vinnslu á malarslitlags-efni, einkum m.t.t. íblöndunar fínefnis, en án árangurs. Ef til vill liggur skýringin að hluta til í því að íslenskir framleiðendur glíma við vandamál sem eru ólík því sem erlendir stallbræður þeirra

fást við. Almennt séð er lítið af þjálum fínefnum á Íslandi en þessu er öfugt farið í flestum öðrum löndum. Þegar hér er aflað fanga um hvernig erlendis starfsbræður fara að því að tryggja að þjálni fínefnishlutans sé nægur er það óþekkt vandamál erlendis þar sem frekar þarf að leita leiða til að minnkja þjálnina.

- Kröfur um fínefnisinnihald í ýmsum erlendum verklýsingum eru ólíkar en í Noregi er gerður greinarmunur á því hvort efnið er unnið úr lausum jarðlöögum (7-17%) eða malað úr klöpp (5-9%). Þar eru einnig gerðar kröfur um rýrnunarstuðul, 2-5% þar sem ársmeðalúrkoma er < 1000 mm / ár og < 3% þar sem úrkoman er meiri.
- Aðspurðir voru íslenskir framleiðendur sammála um að helstu erfiðleikar við framleiðslu malarslitlagsefna væri að of mikil fínefni festust í rennum, hörpum, böndum og brjótum og þar væri helst raka í fínefnum og veðurfari um að kenna.
- Við mat á um 80 haugum Vegagerðarinnar vítt og breitt um landið var það huglægt mat deildarstjóra Vegagerðarinnar að kornadreifing, magn og gerð fínefna og styrkur steinefna væru þeir þættir helst einkenndu þá hauga sem hefðu reynst vel. Þeir haugar sem höfðu reynst illa, sé miðað við huglægt mat deildarstjórnanna, áttu þeir það helst sameiginlegt að brothlutfall var lágt og eins var tilgreint gerð fínefna. Aðrir þættir, eins og magn fínefna, of veik steinefni eða kornakúrfa var tilgreint í færri tilfellum.
- Ekki var hægt að ráða í landfræðilega flokkun á malarslitlagsefni með hliðsjón af mati deildarstjórnanna enda var matið huglægt og engar mælistkur gefnar upp til leiðbeiningar við mat á gæðum.
- Gerð var tilraun á rannsóknarstofu með íblöndun fínefnis í malarslitlagsefni og nokkrir efniseiginleikar mældir. Blanda með 9% fínefnisinnihaldi mældist með LS stuðul 3,7 og hlutfall leirs (efni < 0,002 mm) af fínefni er 14,9%. Blanda með 12% fínefnisinnihaldi mældist með LS stuðul 5,2 og leir var 15,4% af fínefninu. Báðar blöndurnar uppfylltu kröfur Vegagerðarinnar fyrir malarslitlagsefni.
- Gerð var tilraun í vegi með íblöndun fínefnis í malarslitlagsefni við Dælisá í Kjós. Fínefnisinnihald blöndunnar var 10%. Niðurstöður mælinga á henni sýna að þessi blanda uppfyllir kröfur vefrits Vegagerðarinnar um kornakúrfu, hlutfall leirs af fínefnishlutanum og LS-stuðul en aðrar mælingar voru ekki gerðar.
- Í samtali við efnisframleiðanda kom fram að dýrrara er að vinna malarslitlagsefni þegar beitt er íblöndun fínefna. Að öllu jöfnu er ekki tilgreint sérstaklega í tilboðum þegar malarslitlagsefni er unnið á þennan hátt. Aðspurður sá fyrir sér að best væri að koma fyrir tætara / matara sem skammtaði fínefnið inn í grunnefnið að loknu broti þ.a. fínefnið færi aldrei í brjótana. Hann taldi að slíkur búnaður væri til en hafði ekki fundið hann enn.
